

Menntastefna Reykjavíkur til 2030

- Staða innleiðingar



desember 2019

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Almennar aðgerðir	5
Læsi.....	6
Menntun án aðgreiningar - Sérstakur stuðningur.....	7
Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna	8
Opinskátt um ofbeldi.....	9
Alþjóðasamstarf og styrkir	10
List- og verknám	10
Aðbúnaður.....	11
Upplýsingatækni.....	11
Starfsþróun.....	14
Námskeið og fræðsla.....	14
Tölulegar upplýsingar um námskeið og fræðslu árið 2019	16
Samvinna við Menntavísindasvið	16
Samfélagsleg Nýsköpun.....	18
Upplýsingaefni og kynningar	19
Menntakvika.....	20
Kynningar fyrir háskólanema.....	21
Vísindavaka 2019.....	21
Kynningar á menntastefnu Reykjavíkur	21
Vefur menntastefnunnar.....	24
Rafræn fréttabréf	25
Veggspjald og póstkort.....	25
Starfsáætlanir starfsstaða	25
Þróunar- og nýsköpunarsjóðurinn „Látum draumana rætast“	28
Mælikvarðar	29
Næstu skref	32
Fylgiskjöl	33

Inngangur

Í [stöðuskýrslu](#) sem lögð var fyrir skóla- og frístundaráð í júní 2019 var gerð grein fyrir mótun menntastefnu Reykjavíkurborgar „Látum draumana rætast“ og fyrstu skrefum innleiðingar frá því að hún var samþykkt 20. október 2018 og þar til í júní 2019. Í þessari skýrslu er haldið áfram að fjalla um helstu áfanga í innleiðingu menntastefnunnar á síðari hluta árs 2019 og tengt við áherslur í almennum aðgerðum sem Reykjavíkurborg samþykkti á sama tíma.

Ein af þeim almennu aðgerðum sem samþykkt var að ráðast í var að setja á laggirnar Nýsköpunarmiðju menntamála (NýMið) sem hóf formlega starfsemi 1. október 2018 og hefur starfað í rúmt ár þegar þessi skýrsla er unnin. Nýsköpunarmiðja menntamála heldur formlega utan um það verkefni að styðja við innleiðingu menntastefnu Reykjavíkurborgar. Það verkefni verður hinsvegar ekki unnið án aðkomu annarra deilda skrifstofu skóla- og frístundasviðs en stöðugt samráð og samstarf er í gangi á milli deilda og má segja að allt starfsfólk skrifstofunnar tengist með einhverjum hætti stuðningi við innleiðinguna. Innleiðingarhópur menntastefnu (sjá neðst á síðu) hefur það hlutverk að kynna stefnuna og þróa og finna leiðir til að styðja starfsstaði við innleiðingu hennar en hópurinn er skipaður fulltrúum allra deilda skrifstofu skóla- og frístundasvið undir stjórn deildarstýru Nýsköpunarmiðju.

Markmiðið með innleiðingu menntastefnu Reykjavíkur til ársins 2030 er fjölbætt og snertir alla fleti daglegs starfs í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi borgarinnar. Mikilvægt er að horfa á innleiðingu stefnunnar sem lærdómsferli eða leiðangur sem við vitum ekki nákvæmlega hvert leiðir okkur. Til þess að ná markmiðum þarf trú á verkefnið, traust og helgun þeirra sem við verkefnið starfa en það hefur bein áhrif á nám og þroska barnanna í borginni. Hugarfar vaxtar, lærdómsmenning sem einkennist af samvinnu og vilja til að þora, taka áhættu og prófa er grundvallaratriði þess að ný þekking skapist og nýjar leiðir verði til. Lögð er áhersla á samráð og samvinnu við starfsfólk og börn í skóla- og frístundastarfi borgarinnar auk þess sem leitast er við að miðla á fjölbreyttan hátt því starfi sem unnið er á starfsstöðum og skapa með því lærdómssamfélag sem nær þvert á starfsstaði.

Þessi skýrsla er liður í að halda saman þeirri þekkingu sem er að þróast og mótast og miðla henni til þeirra sem gagn geta haft af.

Reykjavík, janúar 2020

Fríða Bjarney Jónsdóttir, deildarstýra Nýsköpunarmiðju
Guðrún Hjartardóttir, verkefnastjóri á skrifstofu sviðsstjóra

Innleiðingarhópur menntastefnu:

Arnar Ævarsson, grunnskólahluta fagskrifstofu
Ásdís Olga Sigurðardóttir, leikskólahluta fagskrifstofu
Dröfn Rafnsdóttir, Miðju máls og læsis
Fríða Bjarney Jónsdóttir, NýMið
Guðmundur Guðbjörnsson, fjármála- og rekstrarþjónustu
Guðný Reynisdóttir, mannauðsþjónustu
Guðrún Hjartardóttir, skrifstofa sviðsstjóra
Guðrún Mjöll Sigurðardóttir, skrifstofu sviðsstjóra
Jóhanna H. Marteinsdóttir, mannauðsþjónustu
Sigrún Sveinbjörnsdóttir, frístundahluta fagskrifstofu

Almennar aðgerðir

Þegar Menntastefna Reykjavíkur var samþykkt var ákveðið að tilgreina almennar aðgerðir í nánustu framtíð á eftirfarandi hátt. Á næstu þremur árum mun Reykjavíkurborg veita nauðsynlegan stuðning í formi almennra aðgerða til að fylgja menntastefnunni eftir og ná markmiðum hennar. Að þessu tímabili loknu verður mat lagt á hvernig til hefur tekist og gerðar nauðsynlegar endurbætur í ljósi reynslunnar.

- Efla á málþroska, lestrarfærni og lesskilning allra barna. Lögð verður áhersla á að auka færni starfsmanna til að styðja við málþroska, lestrarfærni og lesskilning barna með sérstakri áherslu á markviss inngríp m.a. vegna barna með annað móðurmál en íslensku.
- Einfalda á allt stoðkerfi við börn með sérstakar þarfir með það að markmiði að veita börnum þjónustu í nærumhverfi þeirra. Samþætta á í eina heild skipan og verklag skólaþjónustu, sérkennslu og stuðnings í skóla- og frístundastarfi. Lögð verður áhersla á snemmtæka íhlutun og markviss inngríp sem skila börnum mælanlegum framförum auk þess sem dregið verður úr vægi greininga sem forsendu fjárveitinga.
- Auka á vægi náttúrugreina, stærðfræði, útináms og sköpunar innan samfellds skóla- og frístundadags. Lögð verður áhersla á að efla símenntun starfsmanna, fjölga námstækifærum barna og ungmenna og bæta aðstöðu.
- Tryggja á börnum jafnari tækifæri og aðgang að fjölbreyttu list- og verknámi í skóla- og frístundastarfi borgarinnar í samræmi við áhuga þeirra og hæfileika. Lögð verður áhersla á að auka jafnræði milli borgarhluta við dreifingu fjármagns til list- og verknáms. Einnig verður unnið að því að efla starf listaskóla og auka samstarf við framhaldsskóla um kennslu list- og verknáms.
- Bæta á aðstöðu til skóla- og frístundastarfs þannig að húsnæði og búnaður auðveldi starfsfólki að vinna að framgangi menntastefnunnar, aðalnámskrám leikskóla- og grunnskóla og frístundastefnu Reykjavíkurborgar. Lögð verður áhersla á að öll aðstaða til skóla- og frístundastarfs ýti undir vellíðan og heilbrigði barna og starfsmanna.
- Innleiða á heildstæða nýtingu stafrænnar tækni í skóla- og frístundastarfi í samræmi við stefnu skóla- og frístundasviðs í upplýsinga- og tæknimennt. Áhersla verður lögð á að bæta búnað og efla ráðgjöf og símenntun á sviði upplýsingatækni.
- Fjölga á fagmenntuðu starfsfólki leikskóla, grunnskóla og frístundaþjónustu og efla faglegt samstarf þeirra í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneyti, háskóla og Kennarasamband Íslands. Lögð verður áhersla á öflugt kynningarstarf og fjölbreyttar aðgerðir sem hvetja fólk til að starfa í leikskóla, grunnskóla og frístundastarfi í Reykjavík.
- Veita á starfsfólki skóla- og frístundasviðs ríkari tækifæri til starfsþróunar og tryggja því markvissa ráðgjöf og handleiðslu í starfi. Lögð verður áhersla á að efla samstarf við menntavísindasvið HÍ og aðrar menntastofnanir sem koma að grunn- og símenntun starfsmanna skóla- og frístundasviðs. Þá verður unnið að því að hvetja og leiðbeina starfsstöðum við að sækja um fjármagn í innlenda og erlenda þróunarsjóði.

- Stofna á þróunarsjóð til að styðja við sjálfsprottin þróunarverkefni á starfsstöðvum skóla- og frístundasviðs. Tilgangur sjóðsins er að stuðla að framgangi menntastefnunnar og auka samvinnu starfsmanna og stofnana.
- Setja á fót Nýsköpunarmiðju menntamála sem veiti starfsstöðvum stuðning og ráðgjöf við innleiðingu menntastefnunnar og útfærslu á einstökum áherslupáttum hennar í víðtækri samvinnu við stofnanir innan sem utan borgarinnar. Áhersla verður lögð á starfsþróun og kennslufræðilega ráðgjöf.

Hafist hefur verið handa við að innleiða flestar af þeim almennu aðgerðum sem samþykktar voru samhliða samþykkt menntastefnunnar „Látum draumana rætast“ í lok árs 2018 en aðgerðirnar og innleiðing menntastefnunnar eru hryggjarstykkið í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs til ársins 2021.

Læsi

Aðgerðir verkþátta

- Efla málþroska, lestrarfærni og lesskilning allra barna
- Auka færni starfsmanna til að styðja við málþroska, lestrarfærni og lesskilning barna
- Sérstök áhersla á markviss inngrip m.a. barna með annað móðurmál en íslensku

Það er hlutverk alls skólasamfélagsins að stuðla að eflingu málþroska og læsis allra barna. Miðja máls og læsis (MML) hefur stórt hlutverk í því mikla verkefni. Árangur í læsi næst ekki með skyndilausnum heldur er um að ræða langtímaverkefni og eru því ofangreindir verkþættir verkefni MML til framtíðar. Ein áhrifaríkasta leið til að bæta læsisárangur er öflug símenntun.

Meginmarkmið Miðju máls og læsis er að efla fagmennsku kennara og starfsfólks í skóla- og frístundastarfi með ráðgjöf, símenntun og stuðningi við markviss vinnubrögð með mál og læsi. MML hélt fjölda námskeiða á haustönn 2019 (sjá nánar í kafla um starfsþróun). Auk þess hafa ráðgjafar og brúarsmiðir MML farið með fræðslu og ráðgjöf á starfsstaði. Námskeið á vegum MML eru úfærð á fjölbreytta vegu með fræðslu, vinnustofum, ráðgjöf inn til kennara og eftirfylgd. Einnig hefur MML boðið upp á starfsrýnihópa (lærdómssamfélög) þar sem kennarar og annað starfsfólk rýna vinnu sína og kennsluaðferðir. Mjög mikil ánægja er með þá símenntun sem MML hefur boðið upp á.

Miðja máls og læsis hefur frá byrjun heimsótt alla skóla og frístundamiðstöðvar í Reykjavík með það að markmiði að kynnast starfsstöðum og meta þörf þeirra fyrir stuðning frá MML. Ráðgjafar eru að hefja sína aðra yfirferð og er megináhersla þeirra heimsókna að styðja skóla í frágangi á læsisáætlunum og útfærslu á markvissum vinnubrögðum fyrir alla. Frístundamiðstöðvar verða einnig heimsóttar með fræðslu og ráðgjöf um að eflingu læsis í daglegu frístundastarfi.

Ráðgjafar Miðju máls og læsis rýna niðurstöður skimana og prófa sem þeir hafa aðgang að og veita ráðgjöf og stuðning til skóla eftir þörfum.

Aðrir þættir í verkefnum MML:

- Heimsóknir í alla skóla og frístundamiðstöðvar – önnur umferð að hefjast
- Vinna að læsisstefnu grunnskóla og undirbúningur að innköllun læsisáætlana skóla
- Handleiðsla fyrir kennara vegna stöðumats nemenda sem eru nýkomnir til landsins

- Úttekt á kennslu ÍSAT í samvinnu við Hrund Logadóttur
- Samstarf við hjúkrunarfræðinga frá Heilsugæslu Reykjavíkur
- Samstarf við læsisteymi í skólum og hverfum vegna læsisáætlana
- Óskir og beiðnir starfsstaða stýra öðrum verkefnum ráðgjafa og brúarsmiða MML

Miðja máls og læsis heldur úti heimasíðu <https://mml.reykjavik.is/> þar sem kennarar og starfsfólk í skóla- og frístundastarfi getur sótt sér fræðslu, leiðbeiningar og hugmyndir að kennslu eða vinnu með málþroska og læsi. Einnig er þar að finna fræðslu fyrir foreldra um þær leiðir sem þeir geta farið í samtali og leik og hvernig þeir geta með bestum árangri stutt við lestrarnám.

Menntun án aðgreiningar - Sérstakur stuðningur

Í almennum aðgerðum er lögð áhersla á að einfalda allt stoðkerfi við börn, samþætta í eina heild skipan og verklag skólaþjónustu beita snemmtækri íhlutun og draga úr greiningum sem forsendu fjárveitinga. Þegar hefur verið hafist handa við fjölmörg verkefni sem öll miða að þessum áherslum.

Starfshópurinn „Barnið í forgrunni“ skilaði skýrslu í júlí 2019. Þar var lögð fram tillaga um verklag við mat á þjónustubörf, útfærslu þjónustu og framkvæmd hennar. Tillagan byggir á vinnu starfshóps á vegum Reykjavíkurborgar en Greiningar- og ráðgjafastöðvar ríkisins og fulltrúar þroska- og hegðunarstöðvar komu að vinnu hans á seinni stigum.

Lagðar voru fram fimm tillögur, þrjár aðgerðabundnar tillögur og tvær tillögur um nýja starfshópa:

1. Tillaga um málstjóra á þjónustumiðstöðvum. Málstjóri er verkefnastjóri gagnvart þeirri þjónustu er barn nýtur og hefur það verkefni að tryggja að barn fái nauðsynlega samþætta þjónustu. Málstjóri tryggir eftirfylgni og endurmat og er leiðsögumaður fjölskyldu barnsins í gegnum velferðarkerfið.
2. „Reykjavíkurmódelið“ sem byggir á vinnu þjónustumiðstöðvar Breiðholts verði innleitt í allar
3. Komið verði á reglulegum samráðsfundum milli GRR og þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar til að efla samvinnu og auka eftirfylgni að lokinni greiningu.
4. Skipaður verði starfshópur sem leggur fram leiðbeiningar og viðmið varðandi vinnslu við greiningar í Reykjavíkurborgar ásamt því hvernig samstarfi við stofnanir ríkisins verði háttað.
5. Skipaður verður starfshópur sem vinnur tillögur að breytingu á fjármögnun sem miði að því að draga úr vægi greininga.

Nokkrir starfshópar um málaflokkinn:

- Starfshópur um **sameiginleg stefna um skóla- og frístundastarf án aðgreiningar** með áherslu á sérkennslu og stuðning í skóla- og frístundastarfi er í undirbúningi. Hópurinn er að leggja lokahönd á grunnvinnu sem hægt verður að nýta til stefnumörkunar málaflokksins.
- Starfshópar um þjónustu við börn með **einhverfu og á einhverfurófinu** skilar á árinu 2020.
- Starfshópur um **þjónustu sértækra félagsmiðstöðva** sem munu skila niðurstöðum á árinu 2020.

Að auki er í vinnslu viðamikil **úttekt á framkvæmd sérkennslu** og stuðnings við fjölbreytta nemendahópa í 10 grunnskólum og mun því verkefni ljúka á árinu 2020. Hrund Logadóttir hefur

umsjón með verkefninu sem felst í að safna upplýsingum með því að rýna í gögn, gera kannanir, taka viðtöl, rýnihópasamtöl og fara í vettvangsathuganir í skóla.

Vísar að auknum tækifærum (e. Learning opportunities index – LOI) er stuðull sem reiknaður er út fyrir grunnskóla og á að endurspegla þær áskoranir sem er að finna í umhverfi nemendahópsins og geta haft áhrif á árangur hans. Lokið er mótun aðferðafræði slíks stuðuls fyrir Reykjavík sem byggir á kanadískri fyrirmynd. Starfandi er hópur um endurskoðun reiknilíkans grunnskóla sem mun meta hvort og hvernig hægt er að nýta aðferðafræði LOI til útdeilingar einhvers hluta þess fjármagns sem fer til grunnskólanna.

Betri borg fyrir börn. Á sameiginlegum fundi skóla- og frístundaráðs og velferðarráðs sem haldinn var 20. september 2019 og á fundi borgarráðs 26. september, var samþykkt að hefja þróunarverkefnið „Betri borg fyrir börn“ í Breiðholti. Tilgangurinn er að gera samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs í þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra markvissara. Markmið verkefnisins er að bæta þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra. Færa á þjónustuna í auknum mæli í skólaumhverfi barna og ungmenna með aðferðum snemmtækrar íhlutunar. Styðja á betur við starfsfólk í skóla- og frístundastarfi, færa stjórnun stofnana skóla- og frístundasviðs nær vettvangi og nýta fjármagn betur með sameiginlegum rekstri á sviði fjármála, mannvirkja og mannauðs. Frá október til desember 2019 var breytingin undirbúin, unnar starfslýsingar og auglýstar nýjar stöður sem urðu til vegna tilfærslu stöðugilda frá miðlægri skrifstofu SFS. Þá var farið í að undirbúa húsnaði fyrir þetta nýja starfsemina sem staðsett verður í Álfabakka. Ný skóla- og frístundadeild tók til starfa í Álfabakka 1. janúar 2020. Þangað flutti hluti starfsfólks frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs starfsstöð sína auk þess sem í deildinni starfa, fagstjóri grunnskóla, fagstjóri leikskóla, mannauðsráðgjafi og verkefnastjóri mannvirkja. Unnið er að lagfæringum á húsnaði starfsmanna frístundastarfs og skólaþjónustu í grunnskólunum til þess að uppfylla það markmið að færa þjónustu í skólaumhverfi barna og ungmenna. Á vorönn verður unnið að verkferlum skipulagður samráðsvettvangur milli leikskóla, grunnskóla, frístundastarfs og þjónustumiðstöðva.

Samþykkt var að setja af stað stýrihóp um **heildstæða þjónustu fyrir börn með sérstakar þjónustuparfir**. Hlutverk stýrihópsins er að hafa heildarumsjón og styðja við innleiðingu breytinga á þjónustu fyrir fjölskyldur barna með sérstakar þjónustuparfir sem veitt er af velferðarsviði og skóla- og frístundasviði. Hópurinn hóf störf í desember 2019 og mun í fyrsta fasa kynna sér stefnu og áhersluverkefni félagsmálaráðuneytis og mennta- og menningamálaráðuneytis fyrir börn með sérstakar þjónustuparfir auk þess sem hann mun samræma vinnu starfshópa sviðanna um málefni þessara barna og fjölskyldna þeirra. Markmiðið er að leggja fram tillögur að bættri þjónustu við börn og forsjáaðila þeirra, auka skilvirkni hennar og stuðla að því að hún skili börnunum framförum.

Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna

Árið 2018 hófst formleg innleiðing barnasáttmála sameinuðu þjóðanna (BSS) í starfsemi skóla- og frístundasviðs í tengslum við innleiðingu menntastefnunnar. Verkefnastjóri um innleiðingu Barnasáttmálans, Ellen Calmon er hluti af teymi Nýsköpunarmiðju menntamála. Hún hefur sinnt fræðslu og ráðgjöf til leikskóla, grunnskóla og í frístundastarfi og kynnt hvernig hægt er að nýta sáttmálann í starfi með börnum. Á námskeiðum og fræðslufundum er farið yfir hugmyndafræði og helstu greinar sáttmálans og þær tengdar markvisst við menntastefnu borgarinnar. Þá hafa

skólastjórar tónlistarskóla einnig fengið grunnfræðslu um efnið. Á haustmánuðum var haldin kynning í níu frístundaheimilum/félagsmiðstöðum, fjórum grunnskólum og fjórtán leikskólum.

Haldin hafa verið tvö UNICEF námskeið um BSS í Hlíðunni á árinu. Fyrsta námskeiðið var opið öllu starfsfólki leikskóla í þeim tilgangi að kveikja áhuga starfsfólks á því að fara að vinna með BSS í leikskólanum. Á síðara námskeiðinu (haustið 2019) var lagt upp með að þeir leikskólar sem skráðu starfsfólk á námskeiðið væru þar með að skuldbinda sig til að hefja þá vegferð að gerast Réttindaleikskólar UNICEF. Tóku 12 leikskólar þátt í því og er innleiðing hafin á tveimur þeirra en búið er að bóka innleiðingarfundi með fleirum í upphafi árs 2020.

Þann 20. nóvember 2019, á 30 ára afmæli Barnasáttmálans, fengu allir grunnskólar og frístundastarfið í [Vesturbænum viðurkenningu sem Réttindaskóli og Réttindafrístund UNICEF](#) en unnið hafið verið að þeim áfanga allt þetta ár.

Í nóvember 2019 var gerður samningur á milli [UNICEF, Hólabrekkuskóla, Álfheima, Hraunheima og Hundraðogellefu](#) um að verða Réttindaskóli og Réttindafrístund UNICEF. Áætlað er að innleiðingu verði lokið hjá þeim haustið 2021. Þá hafa Hlíðaskóli og Háteigsskóli lýst yfir áhuga á að verða Réttindaskólar UNICEF.

Rétt er að taka fram að ferlið við að gerast réttindaleikskóli er talsvert einfaldara en að verða réttindagrunnskóli eða réttindafrístund. Leikskólar geta sjálfir unnið að því að innleiða barnasáttmálann í sitt starf með því að styðjast við kennsluefni sem búið er að útbúa fyrir þá og með stuðningi verkefnastjórans hjá Nýsköpunarmiðju. Hvað grunnskóla- og frístundastarfið varðar þá er vinna við að verða réttindaskóli/réttindafrístund viðameiri og krefst aðkomu skrifstofu UNICEF sem skuldbindur sig til þess að koma að innleiðingunni. Þetta hefur í för með sér að hægar mun ganga að innleiða sáttmálann að fullu í grunnskóla- og frístundastarf. Skoða þarf þá hugmynd að gera samning við UNICEF til lengri tíma t.d. til 3 ára um möguleika þess að tiltekinn fjöldi skóla/frístundaheimila/félagsmiðstöðva sem vilja hefja þá vegferð að verða Réttindaskólar/-frístund UNICEF.

Opinskátt um ofbeldi

Eitt af þeim verkefnum sem tengjast innleiðingu Menntastefnu, fyrst og fremst grundvallarþáttunum sjálfsefning, félagsfærni og heilbrigði, ekki síst andlegu og líkamlegu heilbrigði barna og unglunga, er verkefnið opinskátt um ofbeldi (OUO). Ellen Calmon verkefnastjóri á Nýsköpunarmiðju menntamála heldur utan um það verkefni og hefur á haustmánuðum unnið að því að koma verkefninu í formlegan farveg. Gullborg, Grandaskóli og frístundaheimilið Undraland tóku þátt í að prufukeyra verkefnið á sínum starfsstöðum en eftir samráð við þá var farið í að endurskoða myndefni og leiðbeiningar sem þótti ekki svara kröfum ársins 2019 með tilliti til fjölbreytileika.

Þegar þeirri vinnu var lokið var verkefnið kynnt fyrir stjórnendum í skóla- og frístundastarfi og í kjölfarið ákveðið að fara af stað með eitt stórt undirbúningsnámskeið í samvinnu við Barnavernd Reykjavíkur og Barnahús. Lagt var upp með að starfsstaðir þ.e. leikskólar, grunnskólar og frístundastarf sendu tvo fulltrúa á námskeiðið sem yrðu kyndilberar verkefnisins á viðkomandi starfsstað. Á þessu undirbúningsnámskeiði fengu allir dýpri upplýsingar og undirbúning til að geta verið öflugri stuðningsaðilar við samstarfsfólk vegna OUO.

Tilgangur með námskeiðinu var einnig að auka traust starfsstaða skóla og frístundar til barnaverndar og Barnahúss og auka skilning á því hvernig kerfin vinna og hvernig er hægt að auka samstarf. Í

kjölfarið hefur verkefnastjóri boðið upp á kynningar á OUO á starfsstöðum. Allar upplýsingar um verkefnið og leiðbeiningar fyrir starfsstaði er að finna á <https://reykjavik.is/opinskatt-um-ofbeldi>

Alþjóðasamstarf og styrkir

Ein af almennu aðgerðum vegna innleiðingar menntastefnu fólst í að ráða verkefnastjóra alþjóðasamstarfs og styrkja. Hjörtur Ágústsson verkefnastjóri alþjóðasamstarfs og styrkja situr í teymi Nýsköpunarmiðju og sinnir verkefninu en samhliða hefur skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar markað sér þá stefnu að vera leiðandi í þátttöku í alþjóðasamstarfi á sviði mennta- og æskulýðsmála með því að styðja við virka þátttöku grunnskóla, leikskóla og frístundamiðstöðva í evrópskum samstarfsverkefnum. Árið 2019 var sótt um styrki vegna 12 verkefna frá landsskrifstofu Erasmus+ á Íslandi og fengu þau verkefni öll styrk og var heildarstyrkupphæð tæplega 40 m.kr. Að auki er SFS orðið samstarfsaðili í 3 verkefnum bæði í uppbyggingarsjóði EES og Erasmus+ og eru styrkir sem þar renna til Reykjavíkurborgar rúmlega 22. m.kr. Nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á [heimasíðu menntastefnunnar](#). Þar má einnig finna [yfirlit yfir styrktækifæri fyrir skóla, leikskóla og frístundastarf](#).

List- og verknám

Í undirbúningi er úrvinnsla og greining á fyrri talningu list- og verkgreinastunda í grunnskólum í Reykjavík. Stefnt er að því að ljúka þeirri vinnu á haustmánuðum 2020. Þær aðgerðir sem meðal annars hefur verið unnið að á árinu 2019 eru:

- Stýrihópur um tónlistarnám hefur unnið áfangaskýrslu og stefnir að skilum verkefnisins í febrúar 2020. Jöfnuður tækifæra og aukin fjölbreytni er meginviðfangsefni hópsins.
- Samið var við Myndlistaskólann í Reykjavík um sérstök tilboð til starfsstaða SFS í mun meira mæli en áður hefur tíðkast. En það kemur til vibótar við hefðbundinn þjónustusamning við skólann. Samningnum er ætlað að efla listnám í grunnskólum, auka fjölbreytni og styðja við símenntun kennara.
- Aukin áhersla á list- og verkgreinar birtist m.a. í því að fjölgað var mjög námskeiðum tengdum listum og menningu í sumarsmiðjum kennara haustið 2019 (fskj. 4).
- Verkefnið *Listrænt ákall til náttúrunnar* (LÁN) er viðamikilið sem er sjálfstætt framhald Biophilia verkefnisins og byggir á fyrirbærafræðilegri nálgun. Í verkefni þar sem unnið er með samtal náttúrugreina og lista. Kannaðir eru möguleikar skólastarfs á að skapa aðstæður fyrir nemendur til að brúa bilið milli þekkingar og þeirra gilda sem við viljum lifa eftir með skipulagningu listrænna viðburða. Markmið er að nálgast málefni náttúrunnar á skapandi hátt með aðferðum list og verkgreina. Þátttakendur koma úr leik- og grunnskólum þar sem list- og verkgreinakennarar öðlist nýja sýn inn í málefni náttúrufræði og náttúrufræðikennarar kynnst vinnuaðferðum lista og hönnunar.
- [Uppspretta](#) er vefur sem gefur starfsfólki í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík upplýsingar um tækifæri sem fyrir eru í samfélaginu og gefa fjölbreytta möguleika á að auðga menntun barna. Þar má finna ýmis tilboð, fræðslu og vettvangsferðir út fyrir heimaslóðir sem gefa börnum og unglingum tækifæri til að mæta nýjum áskorunum og uppgötva nýja drauma. Bókunarkerfi reyndist stórt verkefni en mikilvægt.

Aðbúnaður

Á haustönn 2019 var í samstarfi við umhverfis- og skipulagssvið lagður grunnur að úttekt á viðhaldi á öllu húsnæði á vegum skóla- og frístundasviðs þ.e. húsnæði grunnskóla, leikskóla, frístundamiðstöðva, frístundaheimila og félagsmiðstöðva. Úttektin verður unnin á vorönn 2020 og kostnaðarmetin. Í framhaldi verður viðhaldsverkefnum starfsstaða forgangsraðað.

Úttekt á búnaði og aðstöðu grunnskóla, leikskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva var unnin árið 2019, sú úttekt var einnig kostnaðarmetin á árinu og verður aðgerðum forgangsraðað á vorönn 2020 miðað við fjármagn sem fékkst til búnaðarkaupa 2020.

Veruleg aukning hefur verið á fjármagni til viðhalds og endurbóta grunnskólahúsnæðis en það hefur tvöfaldast frá árinu 2017.

Samhliða fjölgun barna í nokkrum leikskólum hefur verið unnið að bættri aðstöðu fyrir starfsfólk. Þetta eru t.d. leikskólarnir Nóaborg, Kvistaborg, Jöklaborg og Seljakot sem fengu lausar stofur en auk þess er unnið að hönnun og stækkun leikskólanna Hofs og Brákarborgar sem m.a. fela í sér bætt starfsumhverfi bæði barna og starfsfólks og í undirbúningi er hönnun stækkunar við Funaborg og nýbyggingar Miðborgar. Auk þessa hefur nú verið sett á fót 21 ungbarnadeild (7 ári undanfarin ár). Lóðir við eldri leikskóla hafa verið endurbættar svo þær geti mætt þörfum yngstu barnanna.

Upplýsingatækni

Hlutverk kennsluráðgjafa í upplýsingatækni hjá NýMið er að styðja við innleiðingu nýrrar menntastefnu og fylgja eftir áherslum sem settar eru fram í stefnu um notkun upplýsingatækni í skóla- og frístundastarfi. Í stefnunni eru sett fram 21 áhersluatriði í 5 flokkum sem eru búnaður, þjónusta, uppbygging þekkingar, markviss notkun og framsækni.

Kennsluráðgjafarnir halda einnig utan um starfssemi á vegum Mixtúru sem flutti haustið 2019 í Safamýri 5. Með auknu rými skapaðist kærkomið tækifæri til að vinna að nýsköpun, styðja við þróunarverkefni og veita almenna ráðgjöf og fræðslu. Auk bættrar aðstöðu til myndbandavinnslu og umsýslu með Búnaðarbanka SFS var snillismiðja, ljósmynda- og tónlistastúdíó sett upp í Mixtúru. Kominn er vísir að fundaaðstöðu og leskróki fyrir fróðleiksfúsa gesti með safni af bókum um skapandi viðfangsefni. Litill íþróttasalur þjónar nú líka sem fjölnota rými þar sem haldnar hafa verið menntabúðir, fræðslu- og samráðsfundir, sýningar á forritanlegum búnaði o.fl. Starfsemi Mixtúru hefur vaxið og blómstrað á haustmisserinu og margar nýjar og áhugaverðar hugmyndir sem mikilvægt er að fylgja eftir hafa orðið til í samstarfi við starfsfólk og börn í skóla- og frístundastarfi. Því var mikilvægt að þriðji kennsluráðgjafinn í upplýsingatækni bættist í NýMiðs-hópinn í október 2019 og undir lok ársins var fjórða staðan auglýst.

Helstu verkefni ráðgjafanna tengjast efirfarandi þáttum:

Starfsþróun: Fjölmargir [viðburðir](#) voru haldnir á vegum NýMið/Mixtúru á árinu. Skipulögð fræðsla, snillismiðjur og opið hús eru fastir liðir í starfseminni. Það sama gildir um fræðslu sem sérsniðin er að þörfum starfsstaða og starfsmannahópa. Áhugi á vísinda- eða óvissuferðum starfsmanna í nýja aðstöðu Mixtúru er einnig nýtilkominn og fyrstu heimsóknirnar benda til að hér geti verið um að ræða óhefðbundna leið í starfsþróun sem skilar sér til fleiri aðila og nær kynna nýjungar og margvíslega möguleika í gegnum upplifanir, leik og sköpun í fjölbreyttu fjöri.

Ráðgjöf: Ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur og starfsfólk um framsækna og skapandi notkun stafrænnar tækni í skóla- og frístundastarfi er lykilþáttur í starfi kennsluráðgjafa NýMið. Sama á við um ráðgjöf varðandi innkaup, umsjón og notkun margvíslegs hug- og vélbúnaðar. Unnið hefur verið með upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkur (UTR) að fjölbreyttum verkefnum, nefna má innleiðingu skólalausna Google og umsjónarkerfis fyrir snjalltæki. Í samstarfinu með UTR á árinu var sérstök áhersla lögð á að skýra hlutverk innan skrifstofu SFS og á milli starfseininga.

Aðkoma að stærri þróunarverkefnum sem styðja við innleiðingu

Kennsluráðgjafarnir koma einnig að tveimur Erasmus+ umsóknum sem fengu myndarlega styrki til námsheimsóknna, þekkingaröflunar og miðlunar. Annars vegar verkefnið *Rafíþróttir í æskulýðsstarfi* og hinsvegar verkefnið *Leiðtogar í upplýsingatækni – þekkingaröflun og miðlun*. Samstarf við Menntavísindasvið hefur farið vaxandi og auk hefðbundinna kynninga á starfi og áherslum SFS í einstaka námskeiðum og sameiginlegum menntabúðum, var unnið að skipulagningu einingabærs námskeiðs í upplýsingatækni sem boðið verður upp á haustið 2020. Jafnframt var unnið að þróunarverkefni með RANNUM - rannsóknarstofu um upplýsingatækni í menntun og Menntamálastofnun um stafræna hæfni. Unnið var með tvö evrópsk verkfæri í samstarfi við Evrópsku rannsóknarmiðstöðinni JRC. DigCompEdu hæfniramin og SELFIE matstæki um stafræna stöðu skóla voru þýdd og aðlöguð. Í lok ársins hófust einnig forprófanir með tveimur tilraunaskólum í borginni á SELFIE

Í haust var formlega sett í gang tilraunaverkefnið *Tæknikistur leikskóla SFS*. Ein kista fór í hvert hverfi sem inniheldur fjölbreytt tækni- og vísindadót fyrir leikskólabörn. Í kistunni kennir ýmissa grasa s.s. áþreifanlegir spjaldtölvuleikir, forritanlegir róbatar af ýmsum gerðum, bækur, spil, stuttermabolur og kubbur sem bjóða upp á viðbættan veruleika, grænt teppi fyrir grænskjá (e. green screen) myndbandsupptökur og fleira.



Forritun

Unnið hefur verið eftir samþykkt borgarráðs um aukið vægi forritunar í námi og kennslu. Boðið hefur verið upp á námskeið og opið hús í Mixtúru auk þess sem kennsluráðgjafar tóku þátt í Öndvegisbúðum í Breiðholti þar sem áhersla var lögð á forritun bæði í „Klukkustund kóðunar“ (e. Hour of code) og tækjaforritun. Búnaðarbanki Mixtúru er ríkulega búinn af forritanlegum tækjum sem og kennsluefni sem hentar nemendum í námi og leik. Starfsfólk SFS fær þau að láni til að nýta með nemendum.



Búnaðarbanki SFS

Mikilvægt er að Mixtúra sé í fararbroddi, fylgist með og taki þátt í nýjungum á sviði tækni og kennslufræði. Það krefst þess að Búnaðarbankinn fái að vaxa og endurnýjast en þar af leiðandi þarf að bæta við búnaði og kennslugögnum reglulega.

Miðlun

Mixtúra hefur yfirumsjón með framkvæmd og gerð myndbanda fyrir SFS. Myndböndin eru kynningarmyndbönd fyrir starfsstöðvar, fræðslu- og kennslufni ásamt öðrum sértækum verkefnum. Í haust hefur verið haldið áfram með það verkefni að framleiða kynningarmyndbönd um starfsstaði auk þess sem unnin hafa verið myndbönd um ýmsa viðburði m.a. til að auðvelda kynningar á þeim. Hér er að finna nokkur dæmi um myndbönd <https://vimeo.com/353984627>.



Ef lagt er út frá starfsemi haustsins, byggt á nýjum hugmyndum, mikilli gerjun og óvæntum möguleikum, m.a. til samstarfs, er ljóst að tækifæri til framtíðar eru mörg og spennandi. Mikilvægt er að fanga þessi tækifæri til að styðja við áherslur og stefnu borgarinnar og stuðla að kraftmiklu skóla- og frístundastarfi þar sem áherslan er lögð á fagmennsku, framsækni og skapandi starf með börnin í borginni í brennidepli.

Starfsþróun

Stór hluti af þeim almennu aðgerðum sem verið er að vinna að í tengslum við innleiðingu menntastefnunnar lúta að aukinni starfsþróun starfsfólks í skóla- og frístundastarfi, meiri nýliðun og samstarfi við háskóla. Á árinu 2019 vann Nýsköpunarmiðja menntamála að því hlutverki sínu að ná betri yfirsýn yfir þá starfsþróun sem er í boði fyrir starfsstaði skóla- og frístundasviðs og tengist menntastefnunni með beinum og óbeinum hætti. Í september var sett á laggirnar starfsþróunarteymi en í því sitja fulltrúar mannauðsskrifstofu SFS og allra deilda fagskrifstofu (leikskólahluta, frístundahluta, grunnskólahluta, NýMið, MML og MÚÚ). Teymið fundar mánaðarlega og er jöfnum höndum að leitast við að ná betri yfirsýn yfir starfsþróunartilboð til starfsstaða og skipuleggja hvaða starfsþróun er í boði. Byggt er á gögnum um óskir kennara og starfsfólks um starfsþróun sem dæmi má nefna niðurstöðum Talis í [grunnskólum](#) skýrslu Ingvars Sigurgeirssonar og Lilju Jónsdóttur um [starfsþróun grunnskólakennara](#), og áherslupáttum menntastefnu. Sérstök námskeið tengd menntastefnunni hafa verið haldin í samstarfi við Menntavísindasvið en betri grein er gerð fyrir þeim hér fyrir neðan í kafla um samstarf við Menntavísindasvið.

Þá bjóða kennsluráðgjafar og ráðgjafar á SFS upp á starfstengdra ráðgjöf til kennara og starfsfólks sem felur í sér starfsþróun. Hún á sér stað innan veggja skólans/starfsstaðarins. Slík ráðgjöf er tengd daglegu starfi, felld inn í vinnuna sjálfa og byggir á fjölbreyttum leiðum. Starfstengd starfsþróun felur m.a. í sér:

- Bóka- og fagritarýni, rýni netsíða, netmynda
- Kennslurýni milli kennara
- Faglegt samtal jafningja
- Kennslustundarýni, teymi skoða viðfangsefni
- Rýni á starfsháttum, vinnustundum og starfi með börnum
- Sjálfsrýni, starfeindarannsóknir
- Jafningjapjálfun

Námskeið og fræðsla

Fjölmörg námskeið sem tengdust með ýmsu hætti meginmarkmiðum, leiðarljósum og grundvallarpáttum menntastefnunnar voru í boði á síðari hluta árs 2019.

Miðja máls og læsis (MML) hélt fjölda námskeiða haustið 2019 og sóttu rúmlega 500 kennara og starfsfólks í skóla- og frístundastarfi námskeiðin (sjá lista yfir námskeið MML haustið 2019 í fskj. 1)



Mixtúra margmiðlunarver stóð fyrir fjölbreyttri fræðslu í formi fræðslustunda, snillismiðja og opinna húsa á haustönn 2019. (sjá nánar í fskj. 2) Sérstakar menntabúðir voru haldnar 30. október í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ, RANNUM og Upplýsingatorg.

Miðstöð útivistar og útináms (MÚÚ) var með um 20 námskeið á tímabilinu ágúst- nóvember 2019 undir yfirskriftinni ÚT VIL EK en námskeiðin eru ætluð starfsfólki í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi. Fjölbreytt flóra námskeiða voru í boði og má þar nefna *Útinám fastur liður í daglegu skólastarfi, Skógurinn og sköpun, Hjólað í skóla- og frístundastarfi og Grenndarskógar/svæði – Útikennslustofa*. (sjá nánar um innihald námskeiðanna í fskj. 3).

Í árlegum **Sumarsmiðjum** fyrir grunnskólakennara sem haldnar voru í ágúst voru á þriðja tug námskeiða í boði og mörg þeirra beintengd menntastefnunni og áherslupáttum hennar. (sjá lista yfir námskeið sem voru í boði í Sumarsmiðjum 2019 í fskj. 4)

Hlustað á raddir nemenda – Ráðstefna um lýðræðislega kennsluhætti, var haldin um miðjan ágústmánuð og tók SFS þátt í henni. Ráðstefnan var á vegum Landakotsskóla, Kvennaskólans í Reykjavík og Þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða en þar var fjallað um kennsluaðferðir sem miða að því að auka virkni og áhrif nemenda á kennsluhætti. Ráðstefnan er lokaliður í tveggja ára Erasmus+ samstarfsverkefni milli Íslands, Danmerkur og Finnlands sem ber yfirskriftina Raddir nemenda (Students Voices)

Leiðsagnarnám - Verkefnið *Þekkingarskólar í leiðsagnarnámi* hlaut styrki frá Endurmenntunarsjóði grunnskóla, Sprotasjóði og Erasmus til að styðja við eflingu leiðsagnarnáms í grunnskólum borgarinnar. Megin áhersla var á fræðslu og stuðning við þekkingarskólana fjóra: Hlíðaskóla, Hamraskóla, Kelduskóla og Dalskóla þar á meðal með skólaheimsókn til London. Markmiðið er að fulltrúar þekkingarskólanna standi á vorönn fyrir opnum menntasmiðjum um reynslu sína af þróun leiðsagnarnámsins.

Grunnskólaskrifstofan hefur jafnframt haldið fræðslufundi og námskeið um leiðsagnarnám fyrir kennara í einstökum skólum, í Fellaskóla er um samfelld námskeið að ræða sem mun ná yfir allt skólaárið. Opinn fræðslufundur um leiðsagnarnám var auk þess haldinn á haustönninni. Verkefnið heldur úti heimasíðu: <https://nammedleidsogn.wordpress.com/>

Lærdómssamfélag leikskólastjóra – Í kjölfar fræðslu um hlutverk stjórnenda sem leiðtoga í innleiðingu menntastefnu á leikskólastjórafundum vorið 2019 höfðu nokkrir leikskólastjórar frumkvæði að því að óska eftir stuðningi við að koma af stað hóp leikskólakennara með það að markmiði að skapa lærdómssamfélag um faglega þætti leikskólastarfsins. Verkefnið er unnið í samvinnu við deildarstýru NýMið sem hittir hópinn mánaðarlega og tekur þátt í samfélaginu sem „gagnrýnninn vinur“ (e. critical friend) en fulltrúar úr leikskólastjórahópnum skiptast á að skipuleggja og undirbúa fundi. Hópurinn sem telur í kringum 20 virka þátttakendur þvert á borgina er í samskiptum á Workplace þar sem miðlað er fræðilegu efni, samræðum og öðru er hópinn varða. Þátttakendur hafa þegar lýst yfir ánægju með þetta fyrirkomulag og einn þeirra segir í ummælum á Workplace:

„Það sem mér finnst best við þetta er að ræða við einhvern í sömu sporum. Oft skilar umræðan hjá okkur sér áfram í leikskólann t.d. tók ég upp umræðu um ferilmöppur á deildarstjórafundum og ég lagði fram lesefnið okkar. Gagnlegt að fá að h eyra frá öðrum stjórnendum og hvernig hlutirnir eru gerðir annarsstaðar. Mér finnst ég hafa lært fullt á þessum stutta tíma.“

Tölulegar upplýsingar um námskeið og fræðslu árið 2019

Í lok árs 2019 vann mannauðsþjónusta skóla- og frístundasviðs að samantekt um námskeið og fræðslu á vegum miðlægrar þjónustu sviðsins. Hér fyrir neðan má sjá drög að samantekt um þá starfsþróun sem hefur verið í boði yfir árið og eru þá meðtalin námskeið og fræðslufundir. Ennþá á eftir að fullklára samantektina. Í ljósi þess að um 5000 starfsmenn eru starfandi á skóla- og frístundasviði má segja að hver starfsmaður hafi á árinu sótt fræðslu rúmlega þrisvar sinnum til skrifstofu sviðsins, NýMið, MÚÚ og MML og að meðaltali hafi tvisvar á dag alla daga ársins verið boðið upp á fræðslu.

Námskeið og fræðsla miðlægrar þjónustu SFS 2019 ætlun starfsfólki á vettvangi - Fjöldi skipta og þátttakenda		
Starfseining sem veitti fræðslu	Fjöldi skipta	Fjöldi þátttakenda
Mannauðsþjónusta	30	891
Nýsköpunarmiðja menntamála (NýMið)	170	5.418
Miðja máls og læsis (MML)	239	2.568
Leikskólahluti fagskrifstofu*	25	616
Grunnskólahluti fagskrifstofu	55	2.552
Frístundahluti fagskrifstofu	58	2.194
Lögfræðiþjónusta (v/persónuverndar)	4	96
Mixtúra margmiðlunarver	32	1.645
Miðstöð útivistar og útináms (MÚÚ)	29	518
Samtals	642	16.498

*Upplýsingar ekki endanlegar, kemur síðar.

Samvinna við Menntavísindasvið

Samningur við Menntavísindasvið um samstarf var undirritaður vorið 2019. Samningurinn felur í sér gagnvirk samstarf þar sem annarsvegar er lögð áhersla á aukna fræðslu og ráðgjöf frá kennurum og sérfræðingum á sviðinu en hinsvegar að gera starf Reykjavíkurborgar sýnilegra í öllu starfi Menntavísindasviðs, kennslu og viðburðum. Litið er á þetta samstarf sem lið í þeirri almennu aðgerð að fjölga fagmenntuðu starfsfólki í skóla- og frístundastarfi borgarinnar með áherslu á öflugt kynningarstarf og fjölbreyttar aðgerðir sem hvetja fólk til að starfa í leikskóla, grunnskóla og frístundastarfi.

Á árinu 2019 voru haldin fjórtán námskeið í samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, tengd innleiðingu menntastefnunnar. Þrjú námskeiðanna voru um stjórnandann sem leiðtoga í innleiðingu menntastefnunnar, fjögur námskeið voru um sjálfsefningu og félagsfærni, sértæk námskeið í *Sumarsmiðjum* fyrir grunnskólakennara voru haldin um vellíðan og heilsu, sköpun, læsi, leiðsagnarnám og jákvæðan bekkjarbrag og eitt námskeið tengdist starfsþróun leikskólastjóra. Námskeiðin voru afar vel sótt og var almenn ánægja með efni þeirra og fyrirkomulag en þátttakendur fylla út mat að loknu hverju námskeiði (sjá yfirlit yfir námskeiðin í fskj. 5).

Einingabær námskeið. Unnið hefur verið að því að þróa sérsniðin einingabær námskeið fyrir starfsfólk í skóla- og frístundastarfi borgarinnar og hafa nú þegar tvö námskeið verið auglýst. Þá hefur starfsþróunarstjóri MVS tengt öll opin og einingabær námskeið sem eru í boði á MVS við áherslur menntastefnunnar. Þessum upplýsingum er komið á framfæri á


[menntastefnuvefnum undir](#)

[liðnum starfsþróun.](#) Ekki hefur tekist nægilega vel að vekja áhuga starfsfólks borgarinnar á að taka þátt í sérsniðnum einingabærum námskeiðum og verður lögð áhersla á að greina hvaða ástæður liggja þar að baki og þróa nýjar leiðir til að vekja athygli á þeim ekki síst til grunnskólakennara því allar þreyttar einingar í háskólanámi er hægt að nýta til að hækka laun.

Sýningar á verkum skólabarna. Í kjölfar sýningar sem sett var upp á [Barnamenningarhátíð á verkum nemenda í Húsaskóla sem stunda nám við Myndlistarskólann í Reykjavík](#) var áfram leitað eftir samstarfi um að koma verkum nemenda á framfæri í húsnaði Menntavísindasviðs. Nú er svo komið að reglulega prýða fjölmörg listaverk barna í borginni veggina á Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

Meistaraneimar. Í lok október var þeim nemum við MVS sem farnir eru að huga að lokaverkefnum boðið til kynningar og samtals um menntastefnu Reykjavíkur. Viðburðurinn var haldinn í staðlotuviku á MVS og voru fulltrúar NýMið á staðnum í hádegishléum þeirrar viku til að kynna menntastefnuna. Á viðburði fyrir meistaraneima var menntastefnan og fjölbreytt verkefni á skóla- og frístundasviði kynnt sem mögulegur vettvangur rannsókna eða hugmynda fyrir lokaverkefni. Um leið var vakin sérstök athygli á því framtaki skóla- og frístundaráðs að verðlauna allt að 12 framúrskarandi lokaverkefni meistaraneima í menntunar- og tómstundafræðum. Í tengslum við þá kynningu var útbúið [kynningarmyndband fyrir viðurkenningar meistaraverkefna.](#)

Tími til að tengja. 18. desember var haldinn kynningarfundur fyrir kennara og starfsfólk á Menntavísindasviði þar sem menntastefnan, menntastefnuvefurinn og fjölbreytt verkefni í skóla- og frístundastarfi borgarinnar voru í brennidepli. Markmiðið var að veita innsýn og skapa tækifæri fyrir nemendur og kennara MVS til að kynnast og tengjast fjölbreyttum verkefnum í skóla- og frístundastarfi borgarinnar í námi sínu, *utan hefðbundins vettvangsnáms*. Innsýnina geta nemendur öðlast með því að: Heimsækja vettvang og/eða höfuðstöðvar SFS, vera gestir/þátttakendur á viðburðum eða að starfsfólk SFS komi í kennslustundir. Yfirlit yfir verkefnin má sjá í fskj. 6.



Þá tók SFS þátt í **Menntakvik**u sem haldin var á Menntavísindasviði í október, haldin voru opin hús fyrir nýnema, boðið í vísindaferðir o.fl. auk þess sem fulltrúar MVS tóku þátt í tilraunasmíðju um samfélagslega nýsköpun. Tengiliður MVS við SFS hefur komið á kynningar, á stjórnendafundi og aðra viðburði hjá SFS. Hér neðar verður gerð grein fyrir nokkrum af þessum atriðum.

Í lok desember var haldinn stöðufundur með fulltrúum MVS og SFS, sviðsforsetanum Kolbrúnu Pálsdóttur og sviðsstjóra Helga Grímssyni. Voru báðir samningsaðilar ánægðir með þann árangur sem náðst hefur í samstarfi, ekki síst með þá nýsköpun sem orðið hefur í miðlun þekkingar og með því að skapa samtal á milli vísinda, fræða og hagnýtingar sem styrkir vafalítið innviði menntunar beggja stofnana.

Samfélagsleg nýsköpun

Í tengslum við innleiðingu menntastefnunnar var haldin tveggja daga „tilraunasmíðja um samfélagslega nýsköpun“ (e. social innovation action lab) í Gerðubergi sem byggir á hugmyndafræði samfélagslegrar nýsköpunar.

Tilgangur smíðjunnar var annars vegar að kynna aðferðum við að þróa skapandi lausnir við nýjum áskorunum í skólastarfi og hinsvegar að skoða hvernig við getum í sameiningu skapað *lifandi lærdómssamfélag sem styður við lýðræðislega þátttöku, umboð til athafna og leiðtogafærni nemenda með velsæld þeirra og samfélagsins til framtíðar að leiðarljósi*.

Smíðjan var haldin í samstarfi skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur og Argyll Centre, Edmonton í Kanada en fulltrúar þaðan leiddu smíðjuna ásamt tíu kanadískum nemendum. Nemendur og kennarar úr Breiðholtsskóla, Hólabrekkuskóla og Laugalækjarskóla tóku þátt í smíðjunum en kanadísku nemarnir gistu hjá íslenskum fjölskyldum. Kanadísku nemendurnir heimsóttu skóla þeirra nemenda sem þeir gistu hjá dagana 25. og 26. nóvember til að kynna starfi þeirra og nemendum. Þeirra hlutverk var að heimsækja skólana og skoða eða rannsaka með aðferðarfræði mannfræðinga (e. ethnographic research) hvernig birtingarmynd þátttöku nemenda í þátttökuskólunum væri háttað.

Þá tóku þátt í smíðjunni fulltrúar foreldra, ungmennaráða, þjónustumiðstöðva,



frístundamiðstöðva, rannsakenda, menningarstofnana og starfsfólks af skrifstofu SFS en þátttakendur voru alls um sjötíu.

Nýsköpunarmiðja menntamála og skrifstofa SFS hefur hug á að nýta reynsluna frá tilraunasmiðjunni en NýMið hefur fengið aðgang að öllu efni sem tengt er verkefninu, frá Kanada auk þess sem von er á rannsóknarskýrslu um smiðjuna. Hér fyrir neðan eru tenglar á myndbönd, fréttir og útlagsviðtal um tilraunasmiðjuna.

[Frétt og myndir um smiðjuna](#)

[Myndband um smiðjuna á íslensku](#)

[Myndband um smiðjuna á ensku](#)

[Viðtal við þátttakendur í mannlega þættinum á RÚV](#)

Upplýsingaefni og kynningar

Ýmiss konar upplýsingaefni hefur verið útbúið í tengslum við innleiðingu stefnunnar. Prentaður bæklingur um stefnuna hefur nú verið gefinn út á ensku, auk íslensku útgáfunnar, en þessir bæklingar eru einnig aðgengilegir í [rafrænu formi á vef](#). Allt starfsfólk skóla- og frístundasviðs fékk sendar leiðbeiningar um hvernig hægt er að vísa til stefnunnar í undirskrift tölvupósts. Í skapalóni fyrir starfsáætlanir starfsstaða er sérstaklega gert ráð fyrir að starfs- og kennsluhættir í anda menntastefnunnar endurspeglis. Glærupakkar með kynningum um stefnuna hafa verið útbúnir á íslensku og ensku og einnig glærugrunnur með útliti stefnunnar. Í júní var sent bréf til stjórnenda starfsstaða þar sem óskað var eftir því að þeir gerðu menntastefnunni skil í kynningum sínum við upphaf vetrarstarfsins að hausti. Einnig var haldinn kynningarfundur hjá SAMFOK fyrir fulltrúa foreldraráða. Vegleg vefsíða [menntastefna.is](#) hefur verið útbúin (sjá nánar um hana í sér kafla hér fyrir neðan) og einnig rafrænt fréttbréf (sjá í sér kafla hér fyrir neðan). Þá hefur verið mjög gaman að sjá efni frá skólum þar sem vísað er til stefnunnar með tengingum og sjónrænum hætti eins og í markmiðum fyrir nemenda- og foreldrasamtöl í Hólabrekkuskóla, sjá [Námshring í verkfærakistu á vef menntastefnunnar](#).

HÓLABREKKUSKÓLI
virkni- og mennta- og leikskóli

Nemenda- og foreldrasamtöl

Námshringurinn hjálpar þér að finna út hvar þú stendur á ýmsum sviðum sem mikilvæg eru fyrir árangur og vellíðan. Þannig attar þú þig betur á styrkleikum þínum og hvaða þætti þú þarft að efla.

1. Byrjaðu á að kynna þér vel stígagjöfina hér að neðan.
2. Lestu vel staðhæfingarnar og gefðu þér stíg eftir því sem við á.
3. Teldu saman stigin fyrir hvert svið og merktu inn á hringinn sem er hér aftast.

Stígagjöf

3 stíg = Oftast
2 stíg = Stundum
1 stíg = Sjaldan

Mikilvægt að þú svarar á heiðarlegan - en sanngjarnan hátt.
Mundu að þú ert að þessu fyrir sjálfa/n þig.

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

HÓLABREKKUSKÓLI
virkni- og mennta- og leikskóli

Nemenda- og foreldrasamtöl

1. Félagsfærni

1. ___ Eg legg mig fram í kennslustundum
2. ___ Eg ber ábyrgð á hversu góðu lífi ég lífi
3. ___ Eg vil að öðrum líti vel í kringum mig
4. ___ Eg huga mér í samræmi við hlutverk mín
5. ___ Eg fer eftir bekkjarsáttmálanum
6. ___ Eg læri hjá öðrum kennurum sem nota ólíkar kennsluáferðir

___ Gíg samtals í félagsfærni.

2. Sjálfsefning

1. ___ Þegar ég kem í skólann er ég jákvæður og ætla að vera duglegur
2. ___ Eg reyni alltaf að vanda mig þegar ég er að læra
3. ___ Eg gefst ekki upp þó mér finnst eitthvað erfið
4. ___ Eg reyni alltaf að gera mitt besta
5. ___ Eg er ánægður ef mér gengur vel í skólanum
6. ___ Eg velti að það er gott fyrir mig að læra

___ Gíg samtals í sjálfsefningu

Kynningar um menntastefnuna hafa verið haldnar á þeim starfsstöðum sviðsins sem óskað hafa eftir því og einnig á stjórnendafundum. Þá leitast starfsmenn fagskrifstofu SFS við að tengja menntastefnuna inn í verkefni, fræðslu og ráðgjöf á starfsstöðum.

Menntakvika

Skóla- og frístundasvið var með málstofu um menntastefnuna á Menntakviku 2019 sem haldin var 4. október. Yfirskrift málstofunnar var „Látum draumana rætast. Innleiðing Menntastefnu Reykjavíkur“. Erindin í málstofunni voru:

- Menntastefna Reykjavíkur. Fyrstu skref innleiðingar.
- Stuðningur við skóla- og frístundastarf vegna innleiðingar menntastefnu.
- Menntastefna og frístundastarf. Frístundamiðstöðin Tjörnin.
- Menntastefnan og grunnskólastarf. Kelduskóli.
- Menntastefnan og leikskólastarf. Leikskólarnir Engjaborg, Funaborg, Hólaborg og Sunnufold.

Góð mæting var í málstofuna og áheyrendur spurðu áhugverðra spurninga um stefnuna og innleiðingu hennar.



Kynningar fyrir háskólanema

Í lok ágúst var sviðið með nýnemakynningu um menntastefnuna fyrir nemendur Menntavísindasviðs HÍ. Tekið var á móti sálfræðinimum í vísindaferð í samstarfi við velferðarsvið og fyrirhugað er að taka á móti hópi nemenda af Menntavísindasviði í vísindaferð í byrjun febrúar 2020. Markmiðið með þessum kynningum og móttökum er að efla tengsl við háskólasamfélagið og kynna alla þá fjölbreyttu starfsmöguleika sem eru í boði á skóla- og frístundasviði Reykjavíkur.



Vísindavaka 2019

Skóla- og frístundasvið tók þátt í Vísindavöku 2019 í lok september í samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Þar gátu börn og foreldrar kynnt sér alls kyns skemmtilega hluti á sviði tækni og menntunar.



Kynningar á menntastefnu Reykjavíkur

Mótun og innleiðing menntastefnu Reykjavíkur hefur vakið verðskuldaða athygli innan sem utan borgarinnar.

Talsvert hefur verið óskað eftir kynningum hjá stofnunum og sveitarfélögum og víðar auk þess sem leitað hefur verið tækifæra til að kynna stefnuna sem víðast. Hluti af þessum kynningum hefur farið fram á starfsstöðum, í leikskólum, grunnskólum og í frístundastarfi borgarinnar.



Þá hefur stefnan verið kynnt ítarlega í samstarfi við Menntavísindasvið og er gerð betri grein fyrir þeim í kafla um samstarf við sviðið hér að framan.

Hér fyrir aftan er stutt yfirlit yfir kynningar á stefnunni og innleiðingarferli hennar frá sumri að frátöldum kynningum á einstaka starfsstöðum.



Júní:

- Fusion Cities of the Future, fundur haldinn í London 6-7 júní

Ágúst:

- Sumarsmiðjur fyrir kennara í Reykjavík haldnar í Hagaskóla 12. og 13. ágúst.
- Starfsfólk skólahljómsveita í Reykjavík
- Nýnemadagar á Menntavísindasviði
- Heimsókn starfsfólks finnsku Menntamálastofnunarinnar í Helsinki á SFS

September:

- Starfsfólk á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar
- Nemar frá Menntavísindasviði
- Innblástur í skóla- og frístundastarfi haldinn á Kjarvalsstöðum
- Nemar frá Háskóla Íslands
- Opið hús fyrir önnur svið Reykjavíkurborgar haldið í Borgartúni 12-14
- Nýir stjórnendur í skóla- og frístundastarfi borgarinnar
- Samfylkingin í Hafnarfirði

Október:

- Menntakvika
- Kynning fyrir kennara í kennaraháskóla OISE í Toronto í tengslum við náms- og kynnisferð leikskólastjóra
- Staðlotur á Menntavísindasviði 28.-30. október
- Meistaraneimar á MVS

Nóvember:

- Vísindaferð nema við HÍ
- SAMFOK – fulltrúar foreldraráða
- Gestir frá Alberta Kanada í samvinnu við HÍ

Desember:

- Starfsfólk skólasafna í Reykjavík
- Tími til að tengja – viðburður fyrir starfsfólk og kennara Menntavísindasviðs

Í lok nóvember var sérstakur kynningar- og samræðufundur með gestum frá Alberta í Kanada þeim Jean Claude Couture menntunarfræðingi og Jean Stiles skólastjóra. Deildarstýra NýMið kynnti innleiðingarferlið með áherslu á að um er að ræða ferli en ekki verkefni.

Gestirnir höfðu ýmislegt fram að færa um heppilegar leiðir við innleiðingu stefnunnar búandi yfir reynslu Albertafylkis. Þau lögðu áherslu á mikilvægi þess að fræða fullorðna, þ.e. efla starfsfólkið og styðja við það. Einnig fannst þeim margt gott við þær leiðir sem farnar hafa verið við mótun og innleiðingu menntastefnu Reykjavíkurborgar og nefndu sem dæmi viðtækt samráð, samráð við börnin og símenntun.



Vefur menntastefnunnar

Vefur menntastefnunnar www.menntastefna.is var opnaður með formlegum hætti 12. september á „Innblæstri“ kynningarviðburði á Kjarvalsstöðum þar sem starfsfólki í skóla- og frístundastarfi borgarinnar var boðið að kynna sér það helsta sem þeim stendur til boða í borginni.

Vefurinn er hugsaður sem gátt fyrir allt starfsfólk í skóla- og frístundastarfi hjá Reykjavíkurborg þar sem finna má upplýsingar sem tengjast innleiðingu menntastefnu með einum eða öðrum hætti.

Menntastefnuvefurinn er um leið gagnvirkt verkfæri fyrir starfsfólk í skóla- og frístundastarfi. Þar á að vera hægt er að sækja verkfæri í fagstarfið en einnig miðla góðum hugmyndum eða aðferðum sem gagnast hafa vel. Starfsfólk er þannig [hvatt til að senda inn „verkfæri“](#) undir völdum áherslupáttum í menntastefnunni og láta fylgja með kennsluleiðbeiningar eða ítarefni ef þurfa þykir.



Verkfærakista

Um menntastefnu

Gátlistar

Þróunarsjóður

Starfsþróun

Látum draumana rætast



Um menntastefnu



Gátlistar



Þróunarsjóður



Starfsþróun

Verkfærakistuna má finna neðst á forsíðu menntastefnuvefsins. Í henni eru nú þegar á þriðja hundrað verkefni og hugmyndir sem hægt er að nota í skóla- og frístundastarfi. Verkfærakistan er sett upp með síu þannig að hægt er að velja hvaða grundvallarpáttum stefnunnar verkfærið á að tengjast, hvaða gerð efnis er leitað að (t.d. kveikjur, myndbönd, verkefni) og hver markhópurinn er (t.d. aldursbil barnahópsins).

Gátlistar eru verkfæri fyrir starfsfólk SFS til að meta að hvaða grundvallarpáttum menntastefnu Reykjavíkurborgar er nú þegar unnið að í skóla- og frístundastarfinu og hvaða þætti þarf að innleiða á næstu árum. Hægt er að nálgast [gátlista í rafrænu formi](#) með því að setja inn notandanafn og lykilorð sem starfsstaðir fá úthlutað. Starfsstaðir geta notað gátlistana til að meta hvernig þeim gengur að efla grundvallarpættina fimm þ.e. *félagsfærni, sjálfsefningu, læsi, sköpun og heilbrigði*. Að auki eru á síðunni gátlistar um innra mat og mannauð. Einnig er hægt að nálgast [gátlistana á prenthæfu formi](#). Vinnuumhverfi gátlistanna ætti að vera mörgum kunnugt því þeir eru settir upp í vefkerfinu heilsueflandi.is í góðu samstarfi við Embætti landlæknis sem veitti skóla- og frístundasviði góðfúslegt leyfi til að nota kerfið sem embættið hefur þróað um árabil.

Starfsþróun, fræðsla og ráðgjöf. Undir liðnum [Starfsþróun](#) á vef menntastefnunnar er hægt að finna fjölmörg tilboð um fræðslu og ráðgjöf sem hægt er að fá inn á starfsstaði á starfsdögum, starfsmannafundum og námskeiðsdögum. Einnig er hægt að óska eftir ráðgjöf í daglegum viðfangsefnum og í tengslum við þróunar- og nýsköpunarverkefni vegna innleiðingar menntastefnu. Þá

er boðið upp á námskeið sem haldin eru fyrir ákveðna markhópa í eitt eða fleiri skipti. Einnig eru á Starfsþróunarsíðunni tenglar inn á fjölmörg önnur símenntunartilboð.

Þróunar- og nýsköpunarsjóður. Allar upplýsingar um þróunar- og nýsköpunarsjóðinn „látum draumana rætast“ er að finna undir síðunni [þróunarsjóður](#). Þar eru umsóknareyðublöð, leiðbeiningar, form fyrir skýrsluskil og greinagerðir. Þá er á síðunni hægt að finna yfirlit yfir öll styrkt verkefni sem eru í gangi. Undir [styrkt verkefni A-hluta](#) er hægt að finna hvaða starfsstaðir vinna að sambærilegum verkefnum með því að velja starfsstaði og grundvallarþættina. Undir [styrkt verkefni B-hluta](#) er hægt að finna upplýsingar um öll verkefni sem hlutu styrk auk þess sem þar verður hægt að safna saman skýrslum og frekari upplýsingum. Það mun vera í fyrsta sinn sem hægt er að nálgast upplýsingar um styrkt þróunarverkefni skóla- og frístundaráðs á einum stað.

Rafræn fréttabréf

Innleiðingarteymi sendi frá sér tvö rafræn fréttabréf á haustönn 2019, [Innleiðingarfréttir](#) í ágúst og [Menntastefnufréttir](#) í októbermánuði. Slóð á fréttabréfin var send með tölvupósti til alls starfsfólks skóla- og frístundasviðs og einnig er alltaf hægt að nálgast þau á vef menntastefnunnar, [menntastefna.is](#).



Veggspjald og póstkort

Undirbúningur að gerð veggspjalds, póstkorts og myndbands um menntastefnuna var í gangi á haustönn og er stefnt að því að dreifa veggspjöldum á alla starfsstaði sviðsins í febrúar 2020 og einnig verður póstkort með grunnupplýsingum um megináherslur stefnunnar nýtt í ýmsu kynningarstarfi.

Starfsáætlanir starfsstaða

Starfsstaðir skóla- og frístundasviðs gera allir starfsáætlun sem byggir á viðkomandi skólanámskrá í leik- og grunnskólum og starfsskrá í frístundastarfi. Í starfsáætlunum þarf að gera grein fyrir því með hvaða hætti byggt er á menntastefnu Reykjavíkur. Stjórnendur hafa í mörgum tilfellum nýtt myndefni menntastefnunnar í starfsáætlunum sínum eins og sjá má þegar þær eru skoðaðar.

Allir starfsstaðir eru að vinna þróunarverkefni út frá menntastefnunni auk þess sem sumir starfsstaðir eru að vinna stærri verkefni í samstarfi við háskólasamfélagið og aðra fagaðila. Hér fyrir neðan er stuttlega gert grein fyrir því með hvaða hætti er byggt á menntastefnunni í starfsáætlunum starfsstaða.

Leikskólar

Margir leikskólastjórar fjalla um menntastefnuna í greinagerð sem á að leggja línurnar fyrir það sem á eftir kemur í innra mati deilda og umbótarþáttum. Mjög misjafnt var hversu skýrt þetta var sett fram og stundum skorti á samhlóm með greinagerð leikskólastjóra og innra mats deilda. Þó var augljóst að þeir sem fjölluðu um menntastefnuna voru ánægðir með hana og litu á hana sem tækifæri til umbóta í starfi.

Hér eru tenglar á starfsáætlanir tveggja leikskóla þar sem sjá má með hvaða hætti leikskólarnir takast á við verkefnið og hvernig greint er frá því í starfsáætlun.

[Starfsáætlun Gullborgar](#)

[Starfsáætlun Reynisholts](#)

Hér fyrir neðan er dæmi úr starfsáætlun Lyngheima þar sem var unnið út frá áherslupáttum menntastefnunnar, sjálfsefningu, félagsfærni, heilbrigði og sköpun þó áherslan væri sérstaklega á læsi. Farið var í ferðir þar sem unnið var út frá áhugasviði barnanna en markmiðið var að auka orðaforða, stækka reynsluheim barnanna og að sjálfsgöðu hafa gaman.

Við létum Draumana rætast.



Hallgrímskirkja skoðuð og teiknuð.



Flugvél



Varðskipið Óðinn

Frístundastarf

Tilgangur starfsáætlana er að gera starf frístundamiðstöðva markvissara með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlanir eru birtar opinberlega og gefa starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf frístundamiðstöðvanna gekk á síðasta starfsári, hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnu og frístundastefnu á starfsárinu og hvaða þróunarverkefnum verður unnið að. Í starfsáætlunum eru einnig birtar jafnréttisáætlanir frístundamiðstöðvanna.

Fjöldmörg þróunarverkefni eru farin af stað í frístundastarfinu út frá menntastefnunni og er þeirra getið í starfsáætlunum frístundamiðstöðva. Má þar nefna áhuga- og styrkleikaskimun sem hefur það að markmiði að láta drauma barna rætast, barnajóga og forvarnarverkefnið „Föruneysi félagsmiðstöðva“ til að efla heilbrigði, sértækt hópastarf sem hefur sjálfsefningu og eflingu félagsfærni að markmiði og tónlistarverkefni til að efla sköpun. Þá eru frístundaheimili að nýta vefinn www.fristundalaesi.is til að efla læsi á frístundaheimilum, verið er að innleiða foreldraviðtöl á frístundaheimilum til að efla fagmennsku og samstarf og ungmennaping sem hafa það að markmiði að virkja börn og unglinga til þátttöku.

Hér eru tenglar á starfsáætlanir tveggja frístundamiðstöðva þar sem sjá má með hvaða hætti tekist er á við verkefnið og hvernig greint er frá því í starfsáætlun.

[Starfsáætlun Gufunesbæjar](#)

[Starfsáætlun Kringlumýrar](#)

Grunnskólar

Í grunnskólalögum sem og í aðalnámskrá kemur skýrt fram hvað ber að koma fram í starfsáætlunum grunnskóla. Í grunnskólalögum segir m.a. í 29. gr. um skólanámskrá og starfsáætlun:

„Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, þ.m.t. lengd jólaleyfis, páskaaleyfis og annarra vetrarleyfa, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stoðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert...“

Í starfsáætlunum grunnskóla Reykjavíkurborgar er ætlast til þess að í sérstökum kafla komi fram með hvaða hætti skólinn vinnur að þeim leiðarljósum og markmiðum sem tilgreind eru í menntastefnu Reykjavíkur.

Langflestir skólar tilgreina þetta í sinni starfsáætlun með nokkuð skýrum hætti þ.e. **hverjar eru helstu áherslur í starfi skólans á þáttum menntastefnu Reykjavíkur** og eins **í hvaða þróunarverkefni og/eða samstarfsverkefni skólinn er þátttakandi**. Í þeim einstaka tilvikum þar sem skólar tilgreina ekki sérstaklega í starfsáætlun hvernig unnið er með þætti úr menntastefnu Reykjavíkur í skólastarfinu, má ætla að þeirri vinnu hafi ekki verið lokið þegar skil voru á starfsáætlun til skóla- og frístundaráðs.

Hér að neðan eru tenglar á starfsáætlun tveggja skóla, Árbæjarskóla og Austurbæjarskóla þar sem sjá má með hvaða hætti skólarnir takast á við verkefnið og hvernig greint er frá því í starfsáætlun.

[Starfsáætlun Austurbæjarskóla](#)

[Starfsáætlun Árbæjarskóla](#)

Þróunar- og nýsköpunarsjóðurinn „Látum draumana rætast“

Eins og áður hefur komið fram barst 171 umsókn vegna styrkja í A hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðsins „Látum draumana rætast“ og 18 umsóknir voru samþykktar vegna styrkja í B hluta. Hægt er að nálgast upplýsingar um öll verkefni í vinnslu á síðu menntastefnunnar á slóðinni <https://menntastefna.is/throunarsjodur/>

Í lok nóvember var lögð fram tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um breytingar á reglum um styrkveitingar vegna styrkja í sjóðnum:

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur eftirfarandi til vegna úthlutunar styrkja í þróunar- og nýsköpunarsjóði skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur Látum draumana rætast vegna skólaársins 2020-2021:

1. Umsóknarfrestur til að sækja um í A-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs verði til og með 15. mars 2020.
2. Styrkir til verkefna sem sótt er um í B-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs og úthlutunarnefnd gerir tillögu um að styrkir verði að lágmarki 4.000.000 kr. og að hámarki 8.000.000 kr.
3. Umsóknarfrestur til að sækja um í B- hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs verði til og með 1. mars 2020.
4. Styrkir í þróunar- og nýsköpunarsjóð verði auglýstir til umsóknar eigi síðar en í byrjun janúar 2020.

Áður en tillagan var lögð fram var leitað eftir athugasemdum frá stjórnendum og starfsstöðum vegna fyrirkomulags styrkjanna fyrir yfirstandandi skólaár. Kallað var eftir athugasemdum frá skólastjórum grunnskóla, málið tekið fyrir í samráði leikskólastjóra og á fundi með framkvæmdastjórum frístundamiðstöðva. Einnig var hringt handahófskennt í nokkra starfsstaði auk þess sem fyrirkomulagið hefur verið rætt óformlega í samtölum við stjórnendur og starfsfólk m.a. í heimsóknum, á námskeiðum og kynningum sem haldnar hafa verið. Hér er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum:

A-hluti:

- Stjórnendur voru almennt sammála um að æskilegt væri að viðhalda að stærstum hluta því fyrirkomulagi sem var á úthlutun A-hluta styrkja á næsta skólaári. Almennt er talið að styrkirnir séu mikil innspýting inn í starfið, auðveldi stjórnendum að beina sjónum markvisst að þátttum menntastefnunnar og innleiðingu hennar. Þá kemur fram að með styrkjunum skapist betra svigrúm hjá starfsfólki til að vinna að innleiðingu stefnunnar og tengja við daglegt starf með börnunum. Þá var í svörum frá stjórnendum lögð áhersla á að með A-hluta styrkjunum væri tryggt jafnræði á milli starfsstaða og þannig fengu allir tækifæri til að hefja innleiðingu menntastefnunnar. Fram kom að grunnskólastjórum þótti skiptingin milli grunnskóla, leikskóla og frístundastarfs ósanngjörn t.d. ef miðað er við rekstrarfé skólanna og þann tíma sem nemendur verja í grunnskóla og frístundastarfi. Nánar um A-hluta verkefni <https://menntastefna.is/throunarsjodur/styrkt-verkefni-a-hluti/>

B-hluti:

- Mikill kraftur er í mörgum B-hluta verkefnum sem þegar eru farin af stað. Hinsvegar hefur komið fram að verkefnið hefðu mátt vera færri og stærri en raunin varð. Sérstaklega telja stjórnendur erfitt að fara af stað með verkefni sem fengu mun lægri úthlutun heldur en sótt var um. Mikil áhersla er lögð á að umsóknarfresturinn verði fyrr á árinu og styrkjaumsóknir

afgreiddar í tæka tíð áður en huga þurfi að ráðningu starfsfólks og vinna stundatöflur fyrir haustið 2020. Stjórnendur telja að allt of stuttur frestur hafi verið gefinn til að sækja um á þessu ári og að afgreiðsla á niðurstöðum hafi dregist of lengi sem hafi m.a. komið í veg fyrir að hægt væri að staðfesta ráðningu á verkefnastjórum. Þá koma fram vissar áhyggjur af því að ekki standi allir stjórnendur jafnfætis þegar kemur að því að vinna stærri styrkjaumsóknir og því mikilvægt að tryggja samræðu og stuðning við stjórnendur í umsóknarferlinu. Í leikskólastjóraráhópnum kom fram að það þyrfti sennilega aðeins lengri tíma til að komast vel af stað áður en allt færi í samkeppnissjóð (B-hluta). Einhverjir veltu fyrir sér hvort breyta ætti eða fella úr reglum kröfur um samstarf á milli starfsstaða þar sem gætu komið fram góðar hugmyndir að verkefnum sem ekki fela í sér samstarf. Þá kom einnig fram að mikil vinna fari í það að búa til umfangsmiklar samstarfsumsóknir og ekki gott ef það eru miklu fleiri að vinna í slíkum umsóknum yfir veturinn heldur en síðan fá styrk. Nánar um B-hluta verkefni <https://menntastefna.is/styrkt-verkefni-b-hluti/>

Í samtölum við stjórnendur kom ítrekað fram að þeir eru almennt mjög ánægðir með þá ákvörðun skóla- og frístundaráðs að auka fjármagn til þróunar- og nýsköpunarstarfs á grundvelli menntastefnu og lögðu áherslu á að markvisst þyrfti að halda áfram að auka þetta fjármagn.

Tillaga um breytingar á reglum var samþykkt og allar upplýsingar um fyrirkomulag þróunar- og nýsköpunarsjóðsins er að finna á menntastefnuvefnum á slóðinni: <https://menntastefna.is/throunarsjodur/>

Það hversu margir starfsstaðir hafa lagt áherslu á sjálfsefningu og félagsfærni í sínum verkefnum hefur skilað sér inn í framboð á fræðslu og tilboðum um stuðning. Boðið hefur verið upp á námskeið, stór hluti verkfæra í verkfærakistu menntastefnuvefsins lítur að þessum tveimur grundvallarþáttum og nú um áramót tóku til starfa tveir hópar „lærdómssamfélag um sjálfsefningu og félagsfærni“ þar sem markmiðið er að tengja saman starfsstaði sem eru að vinna að sambærilegum verkefnum og skapa vettvang fyrir starfsfólk til að hittast og læra með og af hver öðrum.

Mælikvarðar

Mikil vinna hefur átt sér stað á haustmánuðum við að finna og velja þá mælikvarða fyrir menntastefnuna sem segja til um raunveruleg áhrif grundvallarþáttanna í lífi barnanna. Var meðal annars byggt á hugarflæðisvinnu sem fagskrifstofa SFS fór í um hvað þeim þætti mikilvægast að mæla og svipaðri hugarflæðisvinnu sem samráð leik- og grunnskóla og forstöðumanna frístundamiðstöðva fór í á kynningarfundum um menntastefnuna á vormánuðum. Búið er að greina hvaða mælingar eru til staðar og hvaða mælingum er ábótavant og þarf að þróa eða finna leiðir til að mæla. Ljóst er að mun fleiri mælitæki eru til fyrir börn sem eru 10 ára eða eldri enda auðveldara að safna viðhorfum eldri barnanna sjálfra í könnunum en meðal þeirra sem yngri eru. Talsvert er því til af upplýsingum um félagsfærni, sjálfsefningu, heilbrigði og læsi þessa elsta hóps. Minna er um mælikvarða á sköpunarþáttinn en vonir standa til að hægt verði að bæta mælitæki við nemendakannanir skólaláupsins til að meta þennan þátt þegar könnunarhluti næstu PISA fyrirlagnar hefur verið birtur. Í þeirri fyrirlögn á að líta sérstaklega til sköpunarþáttarins, lausnamiðaðrar hugsunar o.fl. Í PISA er vandað til verka við þróun mælikvarða og mikil vinna lögð í að þróa mælikvarða sem eru áreiðanlegir og því til mikils unnið við að nýta þá mælikvarða. Fram að því verður sköpun helst mæld með umfangi framboðs og/eða iðkun barna.

Á yngri stigum þarf að leita frekar til viðhorfa foreldra og starfsmanna sem og horfa til innri vinnu starfsstaðanna með gátlista menntastefnunnar. Marga áhugaverða mælikvarða er að finna í Talis könnun OECD á áhrifaríka kennsluhætti o.fl. Verið er að skoða hvort hægt sé að fá nokkrar mælingar úr fyrirlögninni 2018 fyrir Reykjavík í heild sem og að skoða hvort bæta megi við einhverjum spurningum úr Talis við árlega starfsmannakannanir borgarinnar. Það gæti gengt mikilvægu hlutverki við að meta það lærdómssamfélag sem menntastefnan setur í forgrunn sem og upplýsingar um hvernig starfsþróun er mest þörf fyrir á hverju sinni.

Mikið kapp hefur verið lagt í að þessir sömu mælikvarðar verði þeir velgengisþættir eða mælikvarðar sem sviðið fylgist með, mælir og birtir í greinagerðinni með fjárhagsáætluninni. Þannig er markmiðunum skipt upp í eftirfarandi flokka.

Velgengnisþættir/mælikvarðar

Þjónusta – Barnið, nemandinn, ungmennið

- Látum draumana rætast
- Félagsfærni
- Sjálfsefning
- Heilbrigði
- Sköpun
- Læsi

Verklag

- Virk þátttaka barna
- Samstarf

Mannauður

- Fagmennska
- Lærdómssamfélag

Fjármál/auðlindir

- Fjármál
- Aðbúnaður
- Stuðningur



Eins og staðan er í byrjun árs 2020 eru mælikvarðarnir á annað hundrað talsins. Verið er að bíða eftir gögnum fyrir suma þessara mælikvarða. Aðra er verið að bæta við í nemenda-, starfsmanna- og foreldrakönnunum. Næsta skref er að fá faghópana sem hafa unnið að mælikvörðunum til að þrengja valið enn frekar og að lokum munu fagstýrir velja þær mælingar sem þeim finnast mikilvægast að fylgjast með á sínu fagsviði. Að endingu verða teknar saman mælingar fyrir Reykjavík í heild. Vonir standa til að þessari vinnu verði lokið í mars 2020. Flestar mælingarnar eru fánalegar aftur til fyrsta skólaársins sem menntastefnan var í gildi (2019 -2020) en nokkrar bætast í við eftir því sem fram vindur í þróun mælikvarða.

Mikilvægt er að mælikvarðar verði einnig settir á almennar aðgerðir og er markmiðið að ljúka þeirri vinnu á vormánuðum 2020.

Gátlistar menntastefnunnar fyrir starfsstaði SFS

[Gátlistar menntastefnu](#) voru þróaðir sem verkfæri fyrir starfsfólk SFS til að meta að hvaða grundvallarþáttum menntastefnu Reykjavíkurborgar er nú þegar unnið að í skóla- og frístundastarfinu og hvaða þætti þarf að innleiða á næstu árum.

Gátlistarnir eru unnir upp úr umræðupunktum hagsmunaaðila sem safnað var saman á fundum og í rýnihópum með börnum/unglingum, starfsfólki og foreldrum í víðtæku samráði við mótun stefnunnar. Gæðaviðmið innra og ytra mats í leikskóla, grunnskóla og frístundastarfi voru höfð til hliðsjónar við gerð gátlistanna.

Gátlistarnir eru sjö talsins, einn fyrir hvern grundvallarþátt, einn yfir innra mat og einn fyrir mannauð og fagmennsku. Þeir eru fyrst og fremst ætlaðir til stuðnings á vettvangi skóla- og frístundastarfsins. Starfsstaðir geta nýtt gátlistana á þann hátt sem þeir vilja en lagt er til að starfsfólk noti hann til umræðu og mats á hvernig staðan er og hvert skuli stefna í innleiðingu grundvallarþátta stefnunnar. Vísbendingar eru leiðbeinandi fyrir starfsstaðina til að efla tiltekinn þátt í áherslum menntastefnunnar en skólinn/frístundastarfið velur hvort allar vísbendingar gátlistans séu undir. Vísbendingunum fylgir matskvarði sem segir til um að hve miklu eða litlu leyti skólinn/frístundastarfið uppfyllir þá lýsingu sem sett er fram. Starfsfólk getur þannig metið að hve miklu eða litlu leyti hver vísbendingu er komin til framkvæmda. Gátlistann er tilvalið að nota sem innra mats tæki starfsstaða. Með því að meta starfið í upphafi innleiðingar menntastefnunnar eru starfsstaðir með mikilvæg gögn til að byggja á í innleiðingu hennar næstu árin, skoða stöðuna í upphafi og meta framfarir.

Sett var upp rafrænt vefkerfi um gátlistana í samstarfi við heilsueflandi verkefni Embættis landlæknis þar sem hægt er að draga grunnlínu, ákveða áherslur næsta árs, ákveða aðgerðaráætlun og fá árlegar lokaskýrslur á mjög auðveldan hátt þar sem framfarir eru mældar. Mikil áhersla er lögð á að starfsstaðir fara í þá vinnu með sínum starfsmönnum og börnum að meta grunnstöðuna í öllum grundvallarþáttunum en þeir geta svo ákveðið að einbeita sér að vinna í ákveðnum grundvallarþáttum umfram aðra. Í kerfinu er hægt að skrifa niður hvaða aðgerðir fyrirhugað er að fara í, hver er ábyrgur o.s.frv. og birtast þessar aðgerðir í lokaskýrslunni. Þannig er auðvelt að halda utan um þá vinnu sem fer fram við að efla grundvallarþættina. Innskráning á gátlista menntastefnunnar er að finna á heimasíðu menntastefnunnar en þar má einnig nálgast prenthæfa útgáfu og leiðbeiningar á notkun gátlistakerfisins.

Boðið verður upp á vinnustofur um notkun gátlistana á árinu. Framboðið mun fara eftir eftirspurninni en kerfið er nokkuð auðvelt í notkun og er það sama og heilsueflandi leikskóli og grunnskóli notar og því mörgum kunnugt. Næstu skref við þróun vefkerfisins er að hver starfsstaður geti fyllt út mælikvarða sem mælst er til að fylgst sé með sem og sett inn sína eigin mælikvarða. Mælikvarðarnir munu þá byggja á þeim mælikvörðum sem sviðið setur fyrir borgina alla eftir aldurstigum barnanna.

Næstu skref

- Á vorönn 2020 er fyrirhugað að spyrja stjórnendur starfsstaða út í gengi innleiðingar menntastefnunnar á þeirra starfsstöðum.
- Settar verða inn spurningar í foreldrakannanir sem fara til starfsstaða.
- Áfram verður haldið að efla starfsþróun í tengslum við menntastefnu. Þá verður í undirbúningi fræðslu og námskeiða lögð áhersla á að nýta fyrirbyggjandi gögn úr könnunum og skýrslum þar sem kemur fram hvar skórin kreppir að í framboði á fræðslu.
- Áherslur stærri fagráðstefna skóla- og frístundasviðs á árinu 2020 verða tengdar helstu áherslum menntastefnunnar með beinum og óbeinum hætti.
 - Áherslur árlegrar leikskólaráðstefnu sem haldin verður 6. febrúar 2020 er lærdómssamfélag og fagmennska í anda menntastefnunnar. Yfirskrift hennar er „Gott að leika saman, þá fær maður hugmyndir“
 - Öskudagsráðstefna fyrir grunnskólakennara sem haldin verður 26. febrúar 2020 er að þessu sinni tileinkuð sjálfbærni og umhverfismálum undir yfirskriftinni „Hvað getum við gert?“
 - Höfuð í bleyti árleg uppskeruhátíð frístundastarfsins verður með fjölbreytta fyrirlestra um ýmis verkefni tengd innleiðingu menntastefnunnar í frístundastarfi.
- Kallaðir verða saman rýnihópar kennara, starfsfólks og stjórnenda þar sem farið verður yfir menntastefnuvefinn með það að markmiði að þróa hann og bæta
- Gefnar verða út leiðbeiningar um gátlista og haldin námskeið fyrir starfsstaði
- Rafræn fréttabréf um menntastefnuna verða send til starfsfólks SFS reglulega
- Sett verður af stað lærdómssamfélag um sjálfsefningu og félagsfærni
- Gefin verða út veggspjöld, póstkort og myndband um menntastefnu
- 13. mars verður haldinn samráðsfundur með erlendum og innlendum sérfræðingum sem komu að mótun menntastefnu ásamt samráðum stjórnenda, fulltrúum skrifstofu SFS og skóla- og frístundaráðs. Pasi Sahlberg frá Finnlandi og Jean Claude Couture frá Kanada verða þátttakendur.
- Hugmyndafræði um samfélagslega nýsköpun verður þróuð áfram og reynslan af smiðjunni í nóvember nýtt til að halda tilraunasmiðjur um mikilvæg málefni í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Ráðgert er að fyrsta smiðjan verði í lok mars.
- 18. mars verður haldið málþing um málefni drengja í samvinnu við Menntavísindasvið.
- 1. apríl verður haldið Vorblót í samvinnu við Menntavísindasvið.
- 4. febrúar verður boðið upp á stefnumót stjórnenda og fræðimanna um samstarf vegna þróunar- og nýsköpunarstarfs í borginni.
- 7. febrúar verða kynningar á menntastefnu í vísindaferð fyrir nemendafélög á Menntavísindasviði HÍ.
- Settir verða fram mælikvarðar í tengslum við almennar aðgerðir menntastefnu.
- Hafist verður handa við að skipuleggja viðamikið Menntastefnumót sem haldið verður í Hörpu 10. maí 2021 en skóla- og frístundaráð samþykkti að mótið yrði haldið í lok fyrsta hluta innleiðingar menntastefnu 2018-2021 í stað árlegra ráðstefna leikskóla, grunnskóla og frístundastarfsins á árinu 2021.
- Boðið verður upp á stuðning við starfsstaði vegna umsókna í þróunar- og nýsköpunarsjóð.

Fylgiskjöl



Tímasett námskeið MML haustið 2019

- Lærdómssamfélag leikskóla
- Lærdómssamfélag kennara í íslensku sem öðru tungumáli
- Nýir lestrarkennarar
- Hagnýtar aðferðir til að efla orðaforða þvert á námsgreinar
- Rætt til ritunar – talk for writing
- Nýliðanámskeið fyrir leikskóla, aðferðir sem styðja við málþroska og læsis í daglegu starfi
- Milli mála námskeið
- Stöðumat fyrir nemendur af erlendum uppruna
- Brú milli landa, fræðsla fyrir starfsfólk skóla
- ECML námskeið
- Samskiptaleiðtogar, námskeið fyrir frístundastarfsfólk

Haust í Mixtúru - 2019



Skipulögð fræðsla, snillismiðjur og opið hús
- á nýjum stað í Safamýri 5

26.
SEPTEMBER

KL. 10-12
& 14-16

Opið hús

- Möguleikar í Mixtúru
- Lausar Makedo skrifur

Kaffi, spjall og fikt. Aðgengi að sérfræðingum og búnaði.
Áhersla á pappa, veggspjöld og lausnir frá www.make.do

3.
OKTÓBER

KL.
15-16

Fræðslustund

- Grænskjár í skapandi starfi

Einföld notkun iMovie
Nýir "Green Screen" möguleikar í iMovie appinu

7.
OKTÓBER

KL.
15-16

Fræðslustund

- Lightspeed fræðsla og spjall

Fræðsla og samráð. Aðgengi að sérfræðingum
Mætið með eigin búnað/fartölvur

17.
OKTÓBER

KL. 10-12
& 14-16

Opið hús

- Maker með meiru

Kaffi, spjall og fikt. Aðgengi að sérfræðingum og búnaði.
Stafræn saumavél, Vinyl-skerar, bolapressan og undartega
dótið dregið fram

mixtúra

www.mixtura.is

31.
OKTÓBER

KL.
14:30-16

Fræðslustund - Skólalausnir Google

Samráð og fræðsla
Áhersla á Classroom, Kami og Forms

14.
NÓVEMBER

KL. 10-12
& 14-16

Opið hús - Forritun í fjölbreyttu samhengi

Kaffi, spjall og fikt. Aðgengi að sérfræðingum og búnaði
Áhersla á forritun frá leikskóla til loka grunnskóla

21.
NÓVEMBER

KL. 10-12
& 14-16

Snillismiðja - Jól í snillismiðjum

Skapandi jólaundirbúningur
Stafræn tækni og jólakúlur

5.
DESEMBER

KL. 10-12
& 14-16

Opið hús - Tónlist og tækni á aðventunni

Kaffi, spjall og fikt. Aðgengi að sérfræðingum og búnaði.
Áhersla á tónlist og tækni

Í Mixtúru er aðstaða til myndatöku og myndvinnslu, visir að snillismiðju og búnaðarbanki með margvislegum nýjungum og búnaði

Ráðgjafar NýMið bjóða upp á fjölbreytta fræðslu um stafræna tækni. Hægt er að sniða fræðsluna að þörfum hvers og eins starfsstaðar



Skólaárið 2019-2020

ÚT VIL EK – Námskeið



Út vil ek – námskeiðin eru fyrir alla kennara og leiðbeinendur sem vilja auka við þekkingu sína í útinámi og útivist. Markmið námskeiðanna er að hvetja kennara og leiðbeinendur til að nýta sér útikennslu í starfi með börnum og unglingum.

Námskeiðin eru opin öllum starfsmönnum Reykjavíkurborgar og ganga þeir fyrir á námskeiðin. Aðrir áhugasamir eru einnig velkomnir ef pláss er.

Flest námskeiðin eru haldin utan dyra að einhverju leyti og því hvetjum við þátttakendur að klæða sig eftir veðri og vera tilbúnir í útiveru.

[Skráning hér](#)

- [Ágúst](#)
- [September](#)
- [Október](#)
- [Nóvember](#)
- [Janúar](#)
- [Febrúar](#)
- [Mars](#)
- [Apríl](#)
- [Maí](#)

Ágúst

SAMÞÆTTING NÁMSGREINA

Allt okkar umhverfi býr yfir ákveðnum ævintýraljóma. Hvað leynist í fjörunni, undir steinunum, öll formin, litagleðin og hljóðin í náttúrunni. Á þessu námskeiði verður vakin athygli á því sem gaman er að skoða og læra um í nærumhverfi skólanna og hvernig hægt er að nota upplifunina í samþættingu námsgreina.

Leiðbeinandi: Guðrún María Ólafsdóttir, verkefnastjóri hjá Miðstöð útivistar og útináms

Dagsetning: 14. ágúst

Tími: 09:00 – 12:00

Staðsetning: Guðmundalundur í Kópavogi

NÁTTÚRAN Í NÆRUMHVERFINU

Borgin okkar iðar af lífi, frá ánamöðkum í moldinni til fugla himinsins, lífríkið í borginni er fjölbreyttara en marga grunar. Það þarf heldur ekki að stíga mörg skref út úr skólastofunni til að kynnast fjölbreytileikanum. Alls konar tegundir dýra og plantna leynast í okkar nánasta umhverfi. Það þarf bara að vita hvar á að leita! Á þessu námskeiði er náttúran í nærumhverfi skólans til umfjöllunar. Helstu búsvæðin í borgarumhverfinu og algengustu lífverur verða kynnt til sögunnar og bent á sniðugar leiðir til að finna, skoða og fjalla um þessa nágranna okkar. Hentar vel fyrir flest skólastig.

Leiðbeinandi: Snorri Sigurðsson, sérfræðingur á Umhverfissviði Reykjavíkurborgar

Dagsetning: 14. ágúst

Tími: 13:00 – 15:00

Staðsetning: Hlaðan og svæðið í kringum Gufunesbæ

Hópefli undir berum himni

Hópefli er frábær aðferð til að hrista saman bekkinn í upphafi skólaárs. Að fara út með hópin í skemmtilega leiki og þrautir er góð leið til að láta krakkana kynnast og finna sameiginleg markmið. Þátttakendur læra hvernig hægt er að virkja hópin og námskeiðið miðast við að geta framkvæmt hópefli á snjallan og einfaldan hátt.

Leiðbeinandi: Óttarr Hrafnkelsson deildarstjóri í Nauthólsvík og Siglunesi

Dagsetning: 14. ágúst

Tími: 10:00 – 12:00

Staðsetning: Hlaðan og svæðið í kringum Gufunesbæ

September

GRUNNNÁMSKEIÐ – Hvað er útínám?

Á námskeiðinu er farið í það hvernig best er að standa að fyrstu skrefunum í útínámi. Farið er yfir hvað ber að hafa í huga þegar unnið er með börnum í skipulögðu skóla- og frístundastarfi. Nokkur viðfangsefni verða kynnt sem tengjast ólíkum námsgreinum auk þess sem hugmyndir um hópefli og hópastarf verður til umræðu.

Leiðbeinandi: Ævar Aðalsteinsson verkefnastjóri hjá Miðstöð útivistar og útínáms

Dagsetning: 9. september

Tími: 14:00 – 16:00

Staðsetning: Hlaðan í Gufunesbæ

GRENNÐARSKÓGAR/SVÆÐI – ÚTÍKENNSLUSTOFA

Á námskeiðinu verður fjallað um hugmyndafræði grenndarkennslu, notkun grenndarsvæða og útíkennslustofunnar í Reykjavík. Lögð verður áhersla á skógi vaxin svæði. Nemendur fá að kynna ferlinu frá því að tréð er fellt til skógarafurða sem nýtast á ýmsan hátt, t.d. sem byggingarefni, smíðaviður eða eldiviður. Talað verður um vistfræði, umhirðu skógar, skógarnytjar og líffræðilega fjölbreytni. Nemendur fá fræðslu um ólíkar tegundir, lauftré og barrtré, langlíf eða skammlíf tré, berjatré og runna. Minnst verður á þá sem búa í skóginum t.d. fugla og skordýr.

Þá verða kenndar réttu aðferðirnar við að höggva eldivið og kveikja eld af öryggi og að lokum sagt frá efnisveitu fyrir skógarafurðir hjá Miðstöð útivistar og útínáms í Gufunesbæ. Fyrri námskeiðsdagurinn fer fram í Hlóðunni í Gufunesbæ og seinni dagurinn fer fram á tilteknu grenndarsvæði í austurhluta borgarinnar.

Leiðbeinandi: Ólafur Oddsson fræðslustjóri hjá Skógræktinni og Ævar Aðalsteinsson verkefnastjóri hjá MÚÚ.

Dagsetning: 16. og 17. september

Tími: 14:00 – 16:00

Staðsetning: Hlaðan í Gufunesbæ og grenndarsvæði í austurhluta borgarinnar.

ÚTIELDUN – ELDFIMI

Eldað á opnum hlóðum og reynd notkun prímusar og útielundartækja. Hvaða rétti er auðvelt að matreiða utandyra? Á námskeiðinu verður þeirri spurningu svarað og þátttakendur fá að reyna sig við einfalda matreiðslu. Á útíkennslusvæðinu í Gufunesbæ er góð aðstaða og gott skjól til að stunda útielundun bæði á opnum hlóðum sem og á eldunartækjum.

Leiðbeinandi: Hafsteinn Grétarsson og Guðrún María Ólafsdóttir hjá Miðstöð útivistar og útínáms

Dagsetning: 23. september

Tími: 09:00 – 12:00

Staðsetning: Lundurinn við Gufunesbæ

SPÍRUR, SNÆRI, HENGIRÚM OG SKÝLI

Hér er í boði „survivor“ námskeið, sannkallað ævintýranám. Öllum krökkum finnst skemmtilegt að leika sér í ímyndaðri ævintýraveröld þar sem auðvelt er að tengja við spennandi útínám. Á námskeiðinu fara þátttakendur aftur til fortíðar og upplifa bernskuárin og læra hvernig við getum fært ævintýraheiminn inn í skólastarfið.

Leiðbeinandi: Ævar Aðalsteinsson verkefnastjóri hjá Miðstöð útivistar og útínáms

Dagsetning: 23. september

Tími: 09:00 – 12:00

Staðsetning: Hlaðan og svæðið við Gufunesbæ

ÚTIELDUN – ELDFIMI

Eldað á opnum hlóðum og reynd notkun prímusar og útielundartækja. Hvaða rétti er auðvelt að matreiða utandyra? Á námskeiðinu verður þeirri spurningu svarað og þátttakendur fá að reyna sig við einfalda matreiðslu. Á útíkennslusvæðinu í Gufunesbæ er góð aðstaða og gott skjól til að stunda útielundun bæði á opnum hlóðum sem og á eldunartækjum.

Leiðbeinandi: Margrét Lára Eðvaldsdóttir útínáms- og smíðakennari

Dagsetning: 23. september

Tími: 14:30 – 16:30

Staðsetning: Lundurinn við Gufunesbæ

Skólaárið 2019-2020

ÚT VIL EK – Námskeið



TJALDÚTILEGA Í SKÓLASTARFI

Farið verður yfir helstu atriði sem huga þarf að þegar farið er í útilegu með börnum. Þar á meðal tjaldbúnað, svefnbúnað, klæðnað, útbúnaðarlista, öryggisatriði o.fl. Þátttakendur koma til með að tjalda. Námskeiðið verður bæði inni og úti.

Leiðbeinandi: Hafsteinn Grétarsson og Nils Óskar Nilsson MÚÚ

Dagsetning: 25. september

Tími: 09:00 – 12:00

Staðsetning: Hlaðan og svæðið við Gufunesbæ

RONJA RÆNINGJADÓTTIR

Á þessu námskeiði verður unnið með bókina Ronja ræningjadóttir og hvernig hægt er að vinna með hana á fjölbreyttan hátt utan dyra. Að vinna með börnum að ólíkum viðfangsefnum, sem hafa náttúruna og umhverfið sem uppsprettu hugmyndavinnunnar er frábær leið til að auðga starfið með börnum. Hluti þessarar vinnu verður sýnilegur á meðan annar hluti verður geymdur vel í hugarheimi barnsins eftir daginn. Þátttakendur vinna ólík verkefni sem öll hafa það sameiginlegt að tengjast Ronju ræningjadóttur.

Leiðbeinandi: Guðrún María Ólafsdóttir og Nils Óskar Nilsson verkefnastjórar hjá MÚÚ

Dagsetning: 25. september

Tími: 11:00 – 14:00

Staðsetning: Lundurinn og svæðið við Gufunesbæ

GUFUNESYJAN

Verkefnið Gufuneseyjan verður kynnt þar sem einstakir þættir námskrár fléttast saman við „survivor“/eyðileyju þema. Verkefnið felur í sér þó nokkra hreyfingu þar sem þátttakendur þurfa að klífra, ganga, skjóta úr boga og kasta svo eitthvað sé nefnt. Einnig verður stuðst við grunnþætti útiðunar, grunnþætti rötunar ásamt því að þátttakendur þurfa að reisa sér skýli. Verkefnið tekur venjulega sex klukkustundir en í þessari kynningu er miðað við tvo tíma og því er kynningin með verklegum blæ.

Leiðbeinandi: Nils Óskar Nilsson verkefnastjóri hjá Miðstöð útivistar og útínáms

Dagsetning: 26. september

Tími: 09:00 – 12:00

Staðsetning: Lundurinn og svæðið við Gufunesbæ

SPÍRUR, SNÆRI, HENGIRÚM OG SKÝLI

Hér er í boði „survivor“ námskeið, sannkallað ævintýranám. Öllum krökkum finnst skemmtilegt að leika sér í ímyndaðri ævintýraveröld þar sem auðvelt er að tengja við spennandi útínám. Á námskeiðinu fara þátttakendur aftur til fortíðar og upplifa bernskuárin og læra hvernig við getum fært ævintýraheiminn inn í skólastarfið.

Leiðbeinandi: Evar Aðalsteinsson verkefnastjóri hjá Miðstöð útivistar og útínáms

Dagsetning: 30. september

Tími: 09:00 – 12:00

Staðsetning: Hlaðan og svæðið við Gufunesbæ

Oktober

SAMÞÆTT SKAPANDI SKÓGARSTARF

Kennd eru „öruggu hnífsbrögðin“ við tálgun á ferskum viðarnyttjum og bent á ýmis einföld verkefni fyrir börn á aldrinum 5 til 12 ára. Kynning er á tálguhnífum og bitverkfærum til nota í ferskum viðarnyttjum. Bent er á hvar hægt er að sækja efni í nærumhverfi til að nota í einstök verkefni og hvernig á að klippa eða saga greinar þannig að það styðji við heilbrigði gróðursins. Fléttað er inn fræðslu um sjálfbærni í skógarstarfi og hvernig einstök verkefni styðja við sparnað í efniskaupum og akstri. Bókin *Lesið í skóglinn-tálgað í tré* er lögð til grundvallar á námskeiðinu ásamt öðru efni úr námskrá sem tengist sjálfbærni, sköpun, skógarlæsi, lýðræði, jafnrétti, náttúrufræðslu, list- og verkgreinanámi og skógaruppeldi.

Leiðbeinandi: Ólafur Oddsson fræðslustjóri hjá Skógræktinni

Dagsetning: 2. október

Tími: 09:00 – 12:00

Staðsetning: Lundurinn við Gufunesbæ

Skólaárið 2019-2020

ÚT VIL EK – Námskeið



HJÓLAÐ Í SKÓLA- OG FRÍSTUNDASTARFI

Farið verður yfir helstu atriði þegar farið er með hóp að hjóla. Farið verður stuttlega í helstu viðgerðir sem komið geta upp í leiððingum ásamt því að fara yfir öryggisþætti, klæðnað og annan útbúnað. Þátttakendur þurfa að koma sjálfir á hjóli sem er í góðu standi en farinn verður stuttur hringur út frá Gufunesbæ.

Leiðbeinandi: Nils Óskar Nilsson verkefnastjóri hjá Miðstöð útivistar og útínáms

Dagsetning: 2. október

Tími: 11:00 – 14:00

Staðsetning: Hlaðan við Gufunesbæ

GUFUNESYJAN

Verkefnið Gufuneseyjan verður kynnt þar sem einstakir þættir námskrár fléttast saman við „survivor“/eyðieyju þema. Verkefnið felur í sér þó nokkra hreyfingu þar sem þátttakendur þurfa að klifra, ganga, skjóta úr boga og kasta svo eitthvað sé nefnt. Einnig verður stuðst við grunnþætti útiðlunar, grunnþætti rötunar ásamt því að þátttakendur þurfa að reisa sér skýli. Verkefnið tekur venjulega sex klukkustundir en í þessari kynningu er miðað við tvo tíma og því er kynningin með verklegum blæ.

Leiðbeinandi: Nils Óskar Nilsson verkefnastjóri hjá Miðstöð útivistar og útínáms

Dagsetning: 3. október

Tími: 09:00 – 12:00

Staðsetning: Svæðið við Gufunesbæ

LEIKIR OG SAMVINNUÞRAUTIR

Hópefli er frábær aðferð til að hrista saman bekkinn í upphafi skólaárs. Að fara út með hópinn í skemmtilega leiki og þrautir er góð leið til að láta krakkana kynnast og finna sameiginleg markmið. Þátttakendur læra hvernig hægt er að virkja hópinn og námskeiðið miðast við að geta framkvæmt hópefli á snjallan og einfaldan hátt.

Leiðbeinandi: Óttarr Hrafnkelsson deildarstjóri í Nauthólsvík og Siglunesi

Dagsetning: 3. október

Tími: 09:00 – 12:00

Staðsetning: Svæðið við Gufunesbæ

ÚTÍNÁM FASTUR LIÐUR Í DAGLEGU SKÓLASTARFI

Útíkennsla hefur verið í stöðugri þróun og er víða notuð með góðum árangri þar sem hún býður upp á sérstaka nálgun í námi. Í útíkennslu fá nemendur tækifæri til að nálgast t.d. bóklegt námsefni með áþreifanlegum hætti í óhefðbundnum aðstæðum. Við það vaknar oft á tíðum ný sýn, meiri áhugi og aukinn skilningur nemenda á viðfangsefninu.

Leiðbeinandi á námskeiðinu hefur langa reynslu af útíkennslu með nemendum í 1.-7. bekk í stærðfræði, íslensku, samfélagsfræði og náttúrufræði og mun taka dæmi sem reynst hafa vel. Á námskeiðinu verður lögð áhersla á hvernig nálgast má ýmsar bóklegar greinar með skemmtilegum og spennandi útlíbrautum þar sem reynir bæði á huga og hönd.

Fyrri hluti námskeiðsins verður innandyra þar sem farið verður yfir hugmyndirnar að baki útíkennslu og hvað gott er að hafa í huga við undirbúning og framkvæmd útíkennslustunda. Í seinni hluta námskeiðsins fer hópinn út undir bert loft. Þar fá þátttakendur tækifæri til að prófa og sjá útfærslur á ýmsum verkefnum sem nýst geta í kennslu en markmiðið er að allir geti farið heim með hugmyndir sem auðvelt er nota í flestum námsgreinum.

Leiðbeinandi: Hrafnhildur Sigurðardóttir umsjónarkennari í Sjálandsskóla

Dagsetning: 3. október

Tími: 14:00 – 16:00

Staðsetning: Hlaðan og svæðið við Gufunesbæ

GULLKISTAN

Þekking og hugmyndir í útínámi með leikskólabörnum og börnum á yngsta stigi grunnskólans. Stuðst verður við Prisma verkefnið, sem hópur af leikskólakennurum tók saman í jafningjafræðslu 2016.

Leiðbeinandi: Guðmunda Guðjónsdóttir

Dagsetning: 14. október

Tími: 09:00 – 11:00

Staðsetning: Leikskólinn Blásalir, Brekknaás 4

Skólaárið 2019-2020

ÚT VIL EK – Námskeið



Nóvember

SKÓGURINN OG SKÖPUN

Hvernig getum við nýtt okkur það sem skógurinn gefur af sér til að vinna með og úr verður fallegur hlutur? Hvaða efniviður er hentugastur í þeirri vinnu? Þarf vinnan alltaf að vera utan dyra? Þessum spurningum verður m.a. svarað á þessu námskeiði ásamt því sem kennd verða „öruggu hnífsbrögðin“ við tálgun á ferskum viðarnytjum og bent á ýmis einföld verkefni fyrir börn á aldrinum 5 til 12 ára. Þátttakendur fá í lokin að spreyta sig á nokkrum þeirra. Lærum að leita fanga í nærumhverfinu í stað þess að „keyra og kaupa“.

Leiðbeinandi: Ólafur Oddsson fræðslustjóri hjá Skógræktinni og Guðrún María Ólafsdóttir verkefnastjóri hjá MÚÚ

Dagsetning: 21. nóvember

Tími: 14:00 – 17:00

Staðsetning: Hlaðan og svæðið við Gufunesbæ

SUMARSMIÐJUR KENNARA 2019



12.-14. ágúst 2019

Spennandi námskeið í boði fyrir kennara í grunnskólum borgarinnar.

Námskeiðin eru í Hagaskóla, nema annað sé tekið fram.

Skráning stendur yfir til 25. júní 2019

1. Kennsla í margbreytilegum bekk
2. Talk for writing (Rætt til ritunar). Heilsárs starfsþjálfun.
3. Virkjum hópinn - Árangursríkar og lýðræðislegar aðferðir sem ýta undir jákvæðan bekkjarbrag
4. Google sumarsmiðja
5. Réttindi barna, barnaþing og lýðræði í skólastarfi með tilliti til margbreytileika
6. Vellíðan og heilsa
7. Viðburðastjórnun
8. Náttúran í nærumhverfinu
9. Samþætting námsgreina
10. Hópefli undir berum himni
11. Teymiskennsla: áskoranir og tækifæri
12. Félagsfærni og sjálfsefning
13. Læsi; Leiðir til að efla lestrarhraða, orðaforða og lesskilning
14. Sköpun; Skapandi hugsun og sköpun í verki
15. Listkennslukennarinn – vinnustofa um listræna nálgun og samtal
16. Fjölbreytt menning dansheimsins
17. Áhrif klámahorfs og klámvæðingar á viðhorf og samskipti í nemendahópum
18. Menntastefna Reykjavíkur – látum draumana rætast
19. Foreldraviðtöl leidd af nemendum í skólamenningu trausts
20. Hreint haf – Kynning á nýju námsefni frá Landvernd
21. Atvinnulífið og verkgreinakennarar
22. Skapandi verkefnaskil í raungreinanámi
23. Skapandi verkefnaskil í móðurmáls- og tungumálakennslu
24. Upprifjun í skyndihjálpi fyrir sundkennara - A
25. Upprifjun í skyndihjálpi fyrir sundkennara - B
26. Listrænt ákall til náttúrunnar (LÁN) – Samtal náttúrufræði og listgreina

Yfirlit yfir námskeið sem haldin voru á árinu 2019 í samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands í tengslum við innleiðingu menntastefnu Reykjavíkurborgar				
Á vegum	Yfirskrift	Tími	Fj.	Markhópur
NýMið - samstarf við MVS	Stjórnandinn sem leiðtogi í innleiðingu Menntastefnu	02.05.19 12:30-16:00	21	stjórnendur í leik, grunn og frí
NýMið - samstarf við MVS	Stjórnandinn sem leiðtogi í innleiðingu Menntastefnu	17.05.19 8:30-12:00	50	stjórnendur í leik, grunn og frí
NýMið - samstarf við MVS	Stjórnandinn sem leiðtogi í innleiðingu Menntastefnu	12.11.2019 08:30-12:00	36	Stjórnendur í leik, grunn og frí
NýMið - samstarf við MVS	Sjálfsefning og félagsfærni	28.05.19 8:30-12:00	60	Starfsfólk í leik, grunn og frí
NýMið - samstarf við MVS	Sjálfsefning og félagsfærni	25.09.19 8:30-12:00	50	Starfsfólk í leik, grunn og frí
NýMið - samstarf við MVS	Sjálfsefning og félagsfærni	20.11.19 8:30-12:00	35	Starfsfólk í leik, grunn og frí
NýMið - samstarf við MVS	Sjálfsefning og félagsfærni	13.08.19 8:30-12:00	50	Grunnskólakennarar
Grunnskólaskrifstofa - NýMið - samstarf við MVS	Vellíðan og heilsa	12.08.19 9:00-12:00	23	Grunnskólakennarar
Grunnskólaskrifstofa - NýMið - samstarf við MVS	Sköpun	13.08.19 9:00-12:00	20	Grunnskólakennarar
Grunnskólaskrifstofa - NýMið - samstarf við MVS	Læsi	12.08.19 9:00-12:00	63	Grunnskólakennarar
Grunnskólaskrifstofa - NýMið - samstarf við MVS	Leiðsagnarnám	8.10.2019 14:00-16:00		Grunnskólakennarar
Grunnskólaskrifstofa - NýMið - samstarf við MVS	Jákvæður bekkjarbragur	14.10.19 13:30-16:00	15	Grunnskólakennarar
Grunnskólaskrifstofa - NýMið - samstarf við MVS	Jákvæður bekkjarbragur	16.10.19 13:30-16:00	15	Grunnskólakennarar
Leikskólaskrifstofa - NýMið - samstarf við MVS	Starfsþróun leikskólastjóra	31.10.19 14:00-16:00	80	leikskólastjórar/aðstoðarleikskólastjórar



Tími til að tengja

Innsýn í starfsemi skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur

Nýverið var undirritaður samningur um starfsþróun milli Menntavísindasviðs Háskóla Íslands (MVS) og Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar (SFS). Samningurinn er liður í innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“. Í samningnum er lögð áhersla á samstarf í víðu samhengi þar sem m.a. er leitast við að gera skóla- og frístundastarf í borginni sýnilegt á vettvangi Menntavísindasviðs.

Liður í því er að veita innsýn og skapa tækifæri fyrir nemendur MVS til að kynnast og tengjast fjölbreyttum verkefnum í skóla- og frístundastarfi borgarinnar í námi sínu, *utan hefðbundins vettvangsnáms*. Innsýnina geta nemendur öðlast með því að: Heimsækja vettvang og/eða höfuðstöðvar SFS, vera gestir/þátttakendur á viðburðum eða að starfsfólk SFS komi í kennslustundir. Meðal verkefna, viðburða og fræðslutilboða í *Tími til að tengja* eru:

- [Menntastefna Reykjavíkur – „Látum draumana rætast“](#)
- [Starfsemi skóla- og frístundasviðs](#)
- [Upplýsingatækni](#)
 - Menntabúðir, [Búnaðarbankinn](#), [Mixtúra](#), Tæknikistur leikskóla
- [Réttindaskólar og réttindafrístund.](#)
 - Innleiðing Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í skóla- og frístundastarfi
- [Opinskátt um ofbeldi](#)
- [Jafnréttisskólinn](#)
 - Kynjajafnrétti, staðalmyndir, félagsmótun, líkamsímynd, áhrif klámvæðingar ofl.
- Barnamenning
 - [Skrekkur](#), [Barnamenningarhátíð](#), [Innblástur](#), [Sögur](#)
- Listfræðsla
 - Starfsemi skólahljómsveita, samstarf við listaskóla
- [Mat á skóla- og frístundastarfi](#)
- [Alþjóðasamstarf og styrkir](#)
- [Fiölmennig](#)
- [Leiðsagnarnám](#)
- [Útivist og útinám](#)
- [Mál og læsi](#)
- [Forvarnarmál og lýðheilsa](#)
- Stuðningur við börn í skóla- og frístundastarfi
- [Starfsemi ungmennaráða](#) og [Reykjavíkurráðs ungmenna](#)

Tengiliður skóla- og frístundasviðs við MVS er [Fríða Bjarney Jónsdóttir deildarstýra nýsköpunarmiðju menntamála](#). Vinsamlegast sendið fyrirspurnir um tengingar við verkefni og viðburði á frida.b.jonsdottir@reykjavik.is